



Menning meiðir:
Heimilisofbeldi í ólíkum menningarheimum

Íris Dögg Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menning meiðir:
Heimilisofbeldi í ólíkum menningarheimum

Íris Dögg Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA–gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Íris Dögg Björnsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Í þessari heimildarritgerð er ætlunin að reyna að varpa ljósi á það hvort munur sé á heimilisofbeldi á milli menningarheima. Ritgerðin byggir á kenningum félagsfræðinnar sem hægt er að tengja viðfangsefninu, fyrri rannsóknum og eldri ritverkum um heimilisofbeldi. Teknir eru fyrir Bandaríkjamenn af afrískum uppruna, fylgjendur islam, Suður-Asía og Afríka sunnan Sahara.

Fjallað verður um birtingarmyndir heimilisofbeldis og hvernig þær geta verið misjafnar á milli menningarhópa. Þá verður skoðað hvernig viðhorf samfélagsins og einstaklinga, sérstaklega kvenna er til heimilisofbeldis.

Niðurstaðan er sú að birtingarmyndir heimilisofbeldis eru í megin dráttum þær sömu á milli samfélaga, að undanteknu mjög grófu heimilisofbeldi. Viðhorf samfélagsins er yfirleitt það að karlmenn hafi yfirráð yfir konum og megi sýna það yfirráð með ofbeldi. Konum finnst að þær eigi skilið ofbeldið þar sem þær hafi ekki staðið sig á einu eða fleiri sviðum lífsins, eða að þær óhlýðnast boðum karlmannna.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Þakkarorð	5
1. Inngangur	6
2. Kenningaleg nálgun	8
2.1. Afbrotakenningar	8
2.1.1. <i>Kenning Beccaria um skynsamur ákvarðanir</i>	8
2.1.2. <i>Félagsnámskenningar Bandura og Sutherlands</i>	9
2.1.3. <i>Stimplunarkenningin</i>	10
2.2. Feministakenningar.....	10
3. Heimilisofbeldi.....	11
3.1. Ólíkar birtingarmyndir kynbundins ofbeldis	12
3.2. Ólík áhrif menningar	16
3.3. Heimilisofbeldi meðal Bandaríkjamanna af afrískum uppruna	18
3.4. Islam og heimilisofbeldi	21
3.5 Hin mörgu andlit Asíu og heimilisofbeldi.....	26
3.6. Afríka sunnan Sahara	29
4. Niðurstöður.....	31
5. Umræða	35
Heimildir	38

Þakkarorð

Þessi ritgerð hefur verið mjög krefjandi verkefni fyrir mig og hefði ekki tekist ef ég hefði ekki fengið þá aðstoð og stuðning sem ég fékk. Fyrst og fremst vil ég þakka unnusta mínum Agli M. Halldórssyni fyrir óendanlega þolinmæði og stuðning, fyrir að hvetja mig áfram alltaf þegar ég var að gefast upp og fyrir að lesa ritgerðina yfir. Einnig vil ég þakka leiðbeinanda mínum Ingólfi V. Gíslasyni fyrir góð ráð, aðstoð og góðar umræður um málefnið. Að lokum fá Hildigunnur Einarsdóttir og Anna Lilja Karelsdóttir þakkir fyrir andlegan stuðning, hvatningu og samveru á meðan skrifunum stóð.

1. Inngangur

Heimildir eru fyrir heimilisofbeldi allt aftur til Rómarveldis (Siegel, 2009: 303) og jafnvel er hægt að finna þær enn aftar í tímann. Á tímum Rómarveldis höfðu karlmenn lagalegan rétt til að berja konuna sína fyrir minni háttar óhlýðni, og alvarlegri óhlýðni var refsað með dauða (Siegel, 2009: 303). Þó svo að heimilisofbeldi sé bannað með lögum í sumum löndum heims þá er heimilisofbeldi enn að finna í flestum samfélögum (UNICEF, 2000). Í einhverjum þeirra er það jafn alvarlegt og á tímum Rómarveldis (Siegel, 2009: 303).

Hugtakið heimilisofbeldi er ekki gamalt og kom í raun ekki fram á sjónarsviðið fyrr en um miðja nítjándu öldina þegar hugtakið „wife beating“ kom fram (Siegel, 2009: 303). Það var þá sem að farið var að líta á heimilisofbeldi sem óæskilega hegðun. Þrátt fyrir að vera ekki gamalt viðfangsefni hefur heimilisofbeldi verið mikið rannsakað. Sést það á því magni rannsókna sem til eru um efnið (UNICEF, 2000; Garcia-Moreno o.fl., 2006; Bent-Goodley, 2005). Orsakir heimilisofbeldis hafa verið mikið rannsakaðar á undanförunum árum og þá oftast en ekki í tengslum við kynþátt og stéttarstöðu (Kasturirangan o.fl., 2004). Þó svo að til séu rannsóknir um áhrif menningar og trúarbragða á heimilisofbeldi (Bent-Goodley, 2005; Ellison o.fl., 1999) þá er ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að því að finna rannsóknir sem skoða þessi áhrif á milli ólíkra menningar- og trúarbragðahópa. Það verður því viðfangsefni þessarar rannsóknar að skoða áhrif menningar og trúarbragða á heimilisofbeldi og hvort og þá hvernig það er ólíkt á milli menningar- og trúarbragðahópa.

Reynt verður að tengja heimilisofbeldi við kenningar feminista og afbrotafræðinnar, þá helst félagsnámskenningar, stimplunarkenningar og kenningu um skynsamur ákvarðanir. Farið verður gróflega í sögu heimilisofbeldis, og hvenær farið var að setja mörk á hvað er leyfilegt milli para innan veggja heimilisins. Notuð verður skýrsla UNICEF til að kynna ólíkar birtingarmyndir kynbundis ofbeldis gegn konum og stúlkum í heiminum. Reynt verður að varpa ljósi á orsakir heimilisofbeldis almennt. Notast verður við fyrri rannsóknir á ólíkum menningar- og trúarbragðahópum og niðurstöður þeirra bornar saman til að kanna hvort einhver munur sé á heimilisofbeldi í þessum hópum. Að lokum verður farið í helstu niðurstöður þessarar rannsóknar og ljósi varpað á það hvort munur sé á heimilisofbeldi eftir menningar- og trúarbragðahópum.

Vegna þess hversu gífurlegt magn er af ólíkum trúarbrögðum og ólíkri menningu var tekin meðvituð ákvörðun um að sleppa öllum trúarbrögðum sem eru talin kristin á einn eða annan hátt. Af þessum ástæðum er ekki farið í heimilisofbeldi eftirfarandi svæða: Suður-Ameríka, Norður-Ameríka og Evrópa. Þrátt fyrir þetta verður farið í samfélag Bandaríkjamanna af afrískum uppruna vegna sérstöðu þess menningarlega séð. Sú sérstaða er vegna sögu Bandaríkjamanna af afrískum uppruna í Bandaríkjunum, viðhorfa og staðalmynda á þessum hóp fólks sem og flóknu sambandi þessa menningahóps við aðra menningahópa og þá sérstaklega hvíta manninn. Tyrkland verður einnig með í umfjölluninni þó það sé hluti af Evrópu vegna þess að landið hefur islamska trú og kemur því inn í umfjöllun um hana. Þá var ekki hægt að finna fullnægjandi heimildir um heimilisofbeldi í Kína, Suður- og Norður-Kóreu og eru þau lönd því ekki með í umfjölluninni. Ekki fundust heldur neinar aðgengilegar nothæfar heimildir um heimilisofbeldi samfélaga í Eyjaálfu þar sem allar heimildir sem fundust voru á síðum sem háskólinn hafði ekki aðgang að og er hún af þeim ástæðum ekki með. Afríka hefur sérstöðu af þeim svæðum sem eru til umfjöllunar þar sem þar er ekki bara eitt ríkjandi trúarbragð, heldur stenda islam og kristni svo gott sem jafnfætis. .

Til eru margar skilgreiningar á hugtakinu heimilisofbeldi. Skilgreiningin sem hér verður notuð er það líkamlega, andlega og kynferðislega ofbeldi sem konur eru beittar af maka og/eða öðrum fjölskyldumeðlimum. UNICEF (2000) skiptir heimilisofbeldi í: líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og efnahagslegt ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi eru allar tegundir barsmíða, spörk og allt sem veldur líkamlegum skaða. Andlegt ofbeldi eru hótanir, niðurlæging, niðurrif og allt annað ofbeldi sem skaðað getur sálu og orðspor þolandans. Kynferðislegt ofbeldi eru allar gjörðir sem tengja má við kynlíf, hvort heldur sem er nauðganir, þvingað kynlíf, yfirráð um notkun getnaðarvarna eða annað. Efnahagslegt ofbeldi einkennist af því að konunni er neitað um að eiga peninga eða neitað um nauðsynjar til að lifa af eins og mat og vatn.

Makaofbeldi er það ofbeldi sem á sér stað á milli tveggja aðila sem eru í sambandi. Makaofbeldi er hluti af heimilisofbeldi, en heimilisofbeldi þarf ekki að vera makaofbeldi samkvæmt skilgreiningu hér að ofan.

Kynbundið ofbeldi er hér notað yfir það ofbeldi sem beinist að konum og stúlkum í samfélögum. Gerendur í kynbundnu ofbeldi geta verið fjölskyldumeðlimir

þolandans, fjölskylda maka, maki og samfélagið sjálft með hefðum og gildum sem ýta undir ofbeldi gagnvart konum.

Menningarhópur er hér skilgreindur sem samfélag sem deilir tungumáli, þjóðerni, sögu, hefðum og gildum.

Trúarbragðahópur er hér skilgreindur sem hópur fólks sem hefur sameiginlega trú og dýrkar hana sem hópur. Fjallað er bara um trúarbragða hópa sem eru almennt viðurkenndir eins og búddistar og múslimar.

2. Kenningaleg nálgun

2.1. Afbrotakenningar

Afbrotakenningar skiptast í marga undirflokkka og hérna verður farið í kenningu Beccaria um skynsamar ákvarðanir, kenningar Bandura og Sutherlands um félagsnám og stimplunarkenninguna. Þetta eru þær kenningar sem hvað helst er hægt að tengja viðhorfi til heimilisofbeldis, orsakir og afleiðingar.

2.1.1. Kenning Beccaria um skynsamar ákvarðanir

Beccaria var heimspekingur sem fjallaði um það hvernig fólk ákvað alla hegðun sína, líka þá glæpsamlegu (Devine, 1982). Samkvæmt honum velur fólk þá hegðun sem færir þeim hvað minnstan sársauka eða kostnað. Út frá því ætti að vera hægt að stjórna glæpsamlegri hegðun með því að hafa refsingarnar fyrir glæpinn nógu alvarlegar. Um leið megi þó ekki hafa refsingu fyrir eitthvað smávægilegt afbrot, t.d. þjófnað, vera jafn alvarlega og refsingu fyrir alvarlegt afbrot, t.d. morð. Það valdi því að fólk fremji frekar alvarlegri glæpinn þar sem refsinginn sé sú sama. Þess vegna verði refsingin að vera í samræmi við glæpinn. Þetta hefur verið kallað kenning um skynsamar ákvarðanir (*Rational choice theory*) og hefur hún hlotið mismiklar vinsældir eftir löndum og tímabilum. Þetta gæti spilað inn í heimilisofbeldi þar sem misjafnt er eftir löndum og birtingarmyndum hversu harkaleg refsingin við því er. Sumstaðar er menningin sem kemur í veg fyrir refsingu, þó lagalegur grundvöllur sé fyrir henni (UNICEF, 2000;

Hajjar, 2004; Douki o.fl., 2003; Kocacik o.fl., 2007; Jewkes o.fl., 2002; Rani o.fl., 2004).

Ein af gagnrýninni á þessa kenningu er sú að glæpir eru ekki alltaf skynsamir. Fjallar Siegel (2009: 98-100) um það að þó að auðveldlega sé hægt að sanna það að sumir glæpir séu framdir á skipulagðan hátt þar sem metnir hafi verið kostir og gallar við glæpinn, að þá séu alltaf glæpir sem erfitt er að útskýra að hafi verið skipulagðir eins og þegar börn valda dauða einstaklinga eða þegar ofbeldi er beitt í sjálfsvörn. Það eru þó til fræðimenn sem telja að allir glæpir séu að einhverju leyti skipulagðir.

2.1.2. Félagsnámskenningar Bandura og Sutherlands

Albert Bandura (1973 og 1977) og Edwin H. Sutherland (1947) fjalla um kenningar sínar til félagsnáms (*Social learning theory*). Samkvæmt þeim lærir einstaklingur hegðun sína frá öðrum einstaklingum í samfélaginu. Inn í það spilar svo viðhorf og gildi í samfélaginu og fjölmiðlaumfjöllun. Bandura (1977) heldur því fram að einstaklingar eru ekki fæddir með hæfnina til að beita ofbeldi heldur læri þeir það í gegnum reynslu sína. Til dæmis læri strákur sem sér föður sinn beita móðurina endurtekið ofbeldi að það sé eðlilegt innan hjónabands að beita ofbeldi. Það séu hinsvegar ekki allir sem sjái ofbeldi sem beiti ofbeldi heldur sé þetta samspil andlegra, líkamlegra og umhverfislegra þátta.

Fræðimenn sem aðhyllast félagsnámskenningar hafa reynt að finna það út hver kveikjan sé á ofbeldishegðun einstaklingsins (Siegel, 2009: 144). Samkvæmt þeim eru fjórir þættir sem stuðla að ofbeldis- og/eða árásarhneigð. Fyrsti er ögrun frá annarri manneskju. Annar þátturinn er árásarhæfni sem er lærð með því að horfa á aðra beita ofbeldi, annað hvort í eigin persónu eða í gegnum fjölmiðla. Þriðji þátturinn er væntingar um útkomu, það er að árásin muni á einhvern hátt vera umbunuð. Umbunin getur verið í formi minnkunar á streitu eða reiði, fjárhagsleg umbun, bætt sjálfstraust eða hrós frá öðrum. Fjórði þátturinn er samræmi hegðunar við ríkjandi gildi. Það er sú trú, sem styrkt er af því að horfa á aðra, að árás sé réttlætun og viðeigandi undir ákveðnum kringumstæðum.

2.1.3. Stimplunarkenningin

Stimplunarkenningin byggir á kenningunni um táknræn samskipti (*Symbolic interaction theory*) sem segir að fólk eigi samskipti með táknum (Siegel, 2009: 214). Táknin eru orð, myndir, hreyfingar og látbragð sem standa fyrir skoðanir og álit fólks. Fólk túlkar táknin sem það fær frá öðrum og notar þau til að skilgreina sjálft sig. Táknin eru notuð til að láta aðra vita hvernig okkur líkar við þá. Fólk sér veruleika sinn í gegnum táknin og hvernig þau eru notuð og skilin.

Í gegnum lífið fær fólk mismunandi táknræna stimpla (Siegel, 2009: 214). Þessir stimplar eru síðan látnir standa fyrir hegðun og viðhorf einstaklinga. Stimplarnir geta hjálpað til við að skilgreina fólkið í samfélaginu. Fólk sem er stimplað geðveikt er líka stimplað ofbeldisfullt, undarlegt, óheiðarlegt og óáreiðanlegt. Stimplunin segir til um stöðu fólks í samfélaginu. Ef einstaklingur er með góða stimpla eins og að vera heiðarlegur, duglegur og klár þá stendur hann vel í samfélaginu. Hafi hann hins vegar slæma stimpla þá er staða hans í samfélaginu yfirleitt slæm. Fólk reynir þar af leiðandi að láta stimpla sig á jákvæðan hátt með ákveðinni hegðun og viðhorfi í samfélaginu. Það er svo misjafnt á milli samfélaga hvað er álitid vera góð stimplun og hvað ekki.

2.2. Feministakenningar

Feministakenningar eru oftast en ekki settar allar undir einn hatt þó svo að þær skiptist í nokkra undirflokk. Hér verður í raun bara tekið fyrir það viðhorf sem feministakenningar hafa til heimilisofbeldis og þau áhrif sem kenningarnar hafa haft á umræðuna.

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var sjónarhorn feminista allsráðandi í umræðum og rannsóknum á fjölskyldunni (Giddens, 2009: 369). Feministar beindu sjónum sínum inn í fjölskylduna og á reynslu kvenna á heimilissviðinu. Þessar athuganir þeirra leiddu af sér þær tilgátur að heimilislífið væri ekki samspil og samvinna allra einstaklinga heldur væri ójöfn valdabarátta sem ætti sér stað á milli kynjanna. Þessi valdabarátta veldur því svo að annað kynið hagnast meira en hitt.

Rannsóknir feministana leiddu í ljós að skipting heimilisverka væri mjög ójöfn (Giddens, 2009: 396). Hvernig þessi skipting átti sér stað eru ekki allir feministar sammála um en algengast er að tengja þetta við feðraveldið og iðnvæðinguna. Þessi

Ójafna skipting og ójafna valdabaráttá er það sem feministar telja vera grundvallar ástæðuna fyrir því að heimilisofbeldi eigi sér stað. Það er einmitt með rannsóknum og umræðu feminista sem heimilisofbeldi hefur fengið þann sess í umræðunni sem það hefur í dag. Feministar hafa haldið því fram að ofbeldis- og misnotkunarhlíð heimilislífsins hafi löngum verið hundsuð bæði af fræðimönnum og í laga- og stefnumótun. Feminískir félagsfræðingar hafa reynt að skilja hvernig fjölskyldan verður leikvöllur kynbundinnar kúgunnar og líkamlegrar misnotkunar.

Hér á eftir verður skoðað hvernig menning og trú spilar inn í þessa valdabaráttu kynjanna og hvernig þær móta viðhorf bæði karlmannna og kvenna til heimilisofbeldis. Byrjum á því að skoða sögu og þróun heimilisofbeldis.

3. Heimilisofbeldi

Ekki er til nein ein ástæða fyrir heimilisofbeldi (UNICEF, 2000). Nokkrir flóknir og samtvinnaðir stofnana- og menningarbundnir þættir hafa haldið konum viðkvæmum fyrir því ofbeldi sem beint er að þeim. Þessir þættir eru allir birtingarmyndir af sögulega ójöfnu valdi milli karla og kvenna (UNICEF, 2000). Ójafnrétti á stórum skala getur haft í för með sér ofbeldi, og oftast er það ríkjandi aðilinn sem beitir ofbeldi til að viðhalda yferráðum sínum (Connell, 2005: 83). Samfélög þar sem mikið er um ofbeldi samþykkja frekar ofbeldi gagnvart konum en þau samfélög þar sem lítið er um ofbeldi (Niaz, 2003). Einnig er staðreyndin sú að fjölskylda og samfélagið grípur frekar inn í hjónabandsrjúk ef lítið er um ofbeldi í samfélaginu.

Heimilisofbeldi er tengt feðraveldinu og hefur verið samtvinnað því í gegnum söguna (Connell, 2005: 232; UNICEF, 2000). Flestir karlmenn ráðst ekki á konur en þeir sem gera það líta ekki endilega á sjálfan sig sem frávik. Þvert á móti þá finnst þeim gjörð þeirra vera réttlætun. Þeir hafi bara verið að nýta rétt sinn sem þeim er veittur af hugmyndafræðilegum yferráðum (Connell, 2005: 213; Douki o.fl., 2003). Karlmenn hafa í gegnum söguna sýnt karlmennsku sína með því að ógna og beita aðra ofbeldi. Þetta er mjög sýnilegt í styrjöldum þar sem mikið er um ofbeldi gagnvart konum og börnum. Þar er ofbeldið notað til að ógna karlmönnum sem eru tengdir fórnarlömbunum og sýna um leið yferráð yfir þeim (Connell, 2005: 83). Karlmenn beita konur ofbeldi til

að sýna yfirráð sín yfir þeim. Bæði eru þeir að sýna konum þessi yfirráð og öðrum körlum að þeir „ráði alveg við sína konu“ (Connell, 2005: 83).

Ofbeldi innan fjölskyldunnar virðist færast frá einni kynslóð yfir á þá næstu (Siegel, 2009: 303; Douki o.fl., 2003). Ekki er óalgengt að þeir einstaklingar sem beita ofbeldi hafi einnig verið beittir ofbeldi í æsku. Sama á við um fórnarlömb ofbeldis. Þær konur sem beittar eru ofbeldi á fullorðinsárum voru oftast en ekki beittar ofbeldi í æsku líka (Jewkes o.fl., 2002; Kocacik o.fl., 2007; UNICEF, 2000).

Karlmenn hafa beitt konur sínar ofbeldi í gegnum söguna. Á tímum Rómaveldis var það lagalegur réttur karlmanns að berja konu sína fyrir minni háttar óhlýðni og ef óhlýðnin var talin alvarleg mátti hann drepa hana. (Siegel, 2009: 303). Á miðöldum bar karlmanninum skylda til að berja konu sína til hlýðni og gat sjálfur hlotið refsingu fyrir að gera það ekki. Það var svo á seinni hluta miðalda og fram að tuttugustu öldinni sem farið var að setja einhver mörk á ofbeldið. Um miðja nítjándu öldina var alvarlegt heimilisofbeldi ekki álitid æskilegt lengur og þeir hæddir sem voru sakaðir um „wifebeating“. Lítilsháttar ögun var engu að síður viðurkennd. Þar var ekki fyrir en í lok nítjándu aldarinnar sem bæði England og Bandaríkin bönnuðu ofbeldi gagnvart eiginkonum með lögum. Erfitt hefur oft verið að fara eftir þessum lögum vegna viðvarandi yfirvalds karla yfir konum. Það hefur ekki verið fyrir en á síðustu áratugum að það hefur ekki verið álitid sjálfsagt að karlmenn stjórni og ráði yfir lífi eiginkvenna sinna, og hafi þar með rétt til að refsa þeim ef þær fóru ekki eftir því sem þeir vildu (Siegel, 2009: 303).

3.1 Ólíkar birtingarmyndir kynbundins ofbeldis

Ofbeldi gagnvart konum getur byrjað strax í æsku (UNICEF, 2000). Ungar stúlkur geta lent í því að vera vannærðar, og skorta aðgengi að læknisaðstoð og menntun. Þær geta verið beittar sífjaspelli, verið umskornar, giftar ungar og jafnvel þvingaðar út í vandi eða þrælkun. Allt þetta vegna þess að þær eru kvenkyns. Sumar konur halda áfram að þjást í gegnum fullorðinsárin. Þær eru barðar, þeim nauðgað og þær eru jafnvel myrtar af maka eða fjölskyldumeðlim.

UNICEF (2000) greinir frá því að rannsóknir sýni að það er allt frá 20 til 50 prósent kvenna sem upplifa heimilisofbeldi um allan heim. Það er tiltölulega nýlega sem

nauðganir innan hjónabands hafa verið viðurkenndar sem glæpur í hinum vestræna heimi, en er enn álitinn sem sjálfsagður hlutur í mörgum samfélögum (Siegel, 2009: 294). Konur í mörgum samfélögum álíta þvingað kynlíf ekki vera nauðgun ef þær eru giftar eða búa með gerendum, því þær hafi gefið leyfi til samfara um ókomna tíð þegar sambandið hófst (Siegel, 2009: 294; UNICEF, 2000). Kannanir sýna að í mörgum löndum er hlutfall kvenna sem hafa verið þvingaðar til að stunda kynlíf með maka sínum um það bil 15% (UNICEF, 2000).

Andlegt ofbeldi er erfiðara að mæla heldur en hinar birtingarmyndir heimilisofbeldis (UNICEF, 2000). Þolendur andlegs heimilisofbeldis lifa við andlegar pyntingar og búa við stanslausan ótta, sem stundum er svo óbærilegur að þær fremja sjálfsvíg. Há fylgni hefur mælst á milli heimilisofbeldis og sjálfsvíga í löndum eins og Bandaríkjunum, Fíji, Perú, Indlandi og Sri Lanka. Kona sem hefur verið misnotuð er tólf sinnum líklegri til að reyna sjálfsvíg heldur en kona sem hefur ekki verið misnotuð (UNICEF, 2000).

Fátækar fjölskyldur í Afríku sem ekki geta séð fyrir sér fjárhagslega grípa stundum til þess ráðs að selja eða ráða börnin sín til vinnu. Þau eru svo oft neydd í vændi (UNICEF, 2000). Alengt er að ung dóttir sé send sem heimilishjálpi til lánadrottins. Þar er hún líkamlega og kynferðislega misnotuð af vinnuveitenda sínum. Í Vestur-Afríku, frá Senegal til Nígeríu, eru tugir þúsunda barna úr fátækum fjölskyldum send til Miðausturlanda á hverju ári þar sem mörg þeirra enda í vændi. Í sumum svæðum í Nepal er vændi orðið að næstum „hefðbundinni“ leið til að afla innkomu þar sem konur og stelpur eru plataðar eða neyddar af eiginmönnum eða ættingjum til að fara til Indlands til að stunda vændi. Í Tælandi er því trúað að það sé skylda dótturinnar að fórn sjálfri sér fyrir velferð fjölskyldunnar og selja sig til að losa fjölskylduna úr skuld. Í norður hluta Ghana og sumum svæðum í Tógó eru stelpur „framlag“ til presta, og eru þær neyddar til að búa hjá þeim og þjóna kynferðislegum löngunum þeirra í staðinn fyrir vernd handa fjölskyldunni. Af þessu má sjá að ofbeldi gagnvart konum og stúlkum er útbreytt og á sér ekki bara stað innan veggja heimilisins (UNICEF, 2000).

Í samfélögum þar sem synir eru meira metnir en dætur getur mismunun gagnvart stúlkum tekið á sig öfgafullar myndir (UNICEF, 2000). Kynvaldar fóstureyðingar og morð á kvenkyns ungabörnum eru dæmi um þessar öfgafullu myndir mismununar. Nýleg könnun í Indlandi leiddi í ljós að u.þ.b. 10.000 slík morð eru framin á hverju ári

og í þeim tölum var ekki fjöldi fóstureyðinga á kvenkyns fósturum. Opinber rannsókn í Kína sýndi að vegna eins barns stefnunnar er um 12% allra kvenkyns fóstura eytt, eða horfið með öðrum hætti. Stúlkur í mörgum þróunarlöndum fá ekki eins mikla næringu og drengir. Þær eru líklegri til að þjást af andlegum eða líkamlegum þroskahömlunum eða deyja af völdum næringarskorts. Ofangreindar ástæður eru taldar útskýra það að um 60 milljón konur vantar í mannfjöldatölfræðina. Það er, það eru 60 milljón færri konur lifandi í heiminum en eðlilegt er með miðað við almenna mannfjöldaþróun.

Um allan heim eru stúlkur og konur að þjást, og jafnvel í lífshættu, vegna áhrifa frá hefðum og menningarlegum venjum sem fá að viðgangast vegna menningar- og félagslegrar íhaldsemi og trúargilda (UNICEF, 2000). Sem dæmi um ofbeldi undir þessum áhrifum er umskurður. Allt að 130 milljón konur um allan heim hafa verið umskornar. Um það bil tvær milljón stúlkur og konur eru umskornar á hverju ári. Annað dæmi er ofbeldi tengt heimanmundi. Meira en 5000 konur eru myrtar árlega á Indlandi af eiginmönnum eða tengdafólki af því að kröfum um heimanmund var ekki fullnægt. Þriðja dæmið eru sýruárasir. Þær eru ekki algengar en í Bangladesh er álitid að yfir 200 sýruárasir eigi sér stað á hverju ári. Ástæðurnar á bakvið þær geta verið allt frá heimiliserjum, til ógreidds heimanmunds eða höfnunar bónorðs. Reynt er að afmynda og jafnvel myrða konurnar með sýrunni. Sæmdarmorð er fjórða tegund ofbeldis sem á sér stað vegna hefða. Sæmdarmorð er þekkt í löndum eins og Bangladesh, Egyptalandi, Jórdan, Pakistan, Tyrklandi og fleiri. Þar eru konur myrtar til að viðhalda heiðri fjölskyldunnar. Ástæðurnar á bakvið morðin geta verið margvíslegar. Allt frá grun um framhjáhald til sambands utan hjónabands. Það að konan sé fórnarlamb nauðgunar hefur jafnvel verið ástæða sæmdarmorðs. Árið 1997 voru 300 sæmdarmorð skráð í einu fylki í Pakistan. Tala sæmdarmorða í Jórdaníu er sívaxandi þó svo að erfitt sé að setja nákvæma tölu á þau, því mikið af þeim eru skráð sem sjálfsvíg eða slys. Fimmta tegund ofbeldis vegna hefða og trúargilda er barnahjónabönd. Þau eru talin sem ofbeldi vegna þess að þau grafa undan heilsu og sjálfstæði fleiri milljón ungra stúlkna um allan heim. Barnahjónabönd leiða af sér barna/unglinga þunganir og geta opnað fyrir hættuna á því að stúlknan smitist af HIV og öðrum kynsjúkdómum. Barnahjónabönd geta einnig leitt af sér heilsufarsvandamál fyrir börn stúlkunnar, eins og lága fæðingarþyngd. Þá hefur það að giftast ung víðtæk áhrif á möguleika stúlkna til að mennta sig og fá atvinnu. Lagalegur aldur til að giftast í mörgum löndum er lægri fyrir stúlkur en drengi. Í

mörgum löndum er lagalegur aldur til að giftast með samþykki foreldra töluvert yngri en án samþykkis foreldra. Í meira en 50 löndum er leyfilegur giftingaraldur stúlkna 16 ára eða yngri (UNICEF, 2000).

Eins og kemur fram í skýrslu UNICEF (2000) er ekki til nein ein ástæða fyrir heimilisofbeldi. Það eru nokkrir flóknir og samtvinnaðir menningar- og stofnanabundnir þættir sem auka líkur á því að þær séu beittar alvarlegu ofbeldi. Allir þessir þættir eru birtingarmyndir af sögulega ójöfnu valdi milli kynjanna. Þættir sem ýta undir þetta ójafna vald geta verið eftirfarandi: félagshagfræðileg öfl, fjölskyldan þar sem valdatengsl eru styrkt, óttinn við, og stjórnun yfir kynlífi kvenna þar sem það virðist sem það að kona stundi kynlíf geti steipt yfirvaldi karla og því þurfi að stjórna kynlífshegðun þeirra. Aðrir þættir eru trúin á óhaggandi yferráð karla, löggjafir og menningarlegar viðurkenningar sem venjulega neita konum og börnum um sjálfstæða, lagalega og félagslega stöðu.

Þær breytingar sem hafa átt sér stað í heiminum á undanförunum áratugum með hnattvæðingunni og auknu ójafnrétti sem hún hefur leitt af sér hafa verið tengdar við aukningu ofbeldis í sumum svæðum heimsins (UNICEF, 2000). Breytingartímar í löndum Mið- og Austur Evrópu og fyrrum Sovétríkjunum sem höfðu í með sér aukna fátækt, atvinnuleysi, erfiðleika, streitu og áfengismisnotkun hafa leitt af sér aukningu á ofbeldi í samfélaginu og þar með talið ofbeldi gagnvart konum. Þessir þættir vinna einnig óbeint að því að auka líkur á ofbeldi gagnvart konum með því að hvetja til meiri áhættuhegðunar og meiri áfengis- og vímuefnaneyslu. Einnig hefur þetta stuðlað að niðurrífi félagslegs stuðnings fyrir konur, og ýtt undir fjárhagslegt hæði kvenna á eiginmönnum sínum.

Menningarleg hugmyndafræði, bæði í iðnríkjunum og þróunarlöndunum, útvegar ákveðið „lögmæti“ fyrir ofbeldi gagnvart konum í ákveðnum kringumstæðum (UNICEF, 2000). Trúarlegar og sögulegar hefðir í fortíðinni hafa veitt refsingum og ofbeldi gagnvart konum ákveðna friðhelgi. Sérstaklega hafa líkamlegar refsingar á eiginkonum verið gerðar friðhelgar undir hugmyndinni um eignarhald á konum. Hugmyndin um eignarhald á konum hefur lögmætt þá stjórn karlanna yfir kynhegðun kvenna sem í mörgum lagabálkum hefur verið dæmd sem nauðsynleg til að tryggja erfðarétt karlanna. Í sumum samfélögum er eignarhaldið í miklu samspili við hugmyndina um heiður fjölskyldunar, og þar eru konur myrtar fyrir að sverta þann

heiður. Konur eru sagðar svarta heiður fjölskyldunnar með því, meðal annars, að stunda forboðið kynlíf, giftast og skilja án samþykkis fjölskyldunnar. Með þessum sömu rökum er heiður óvinasamfélagana svertur með því að beita konur þess hóps kynferðislegu ofbeldi.

Ofbeldi af þessu tagi er samtvinnuð við menningu og því er við hæfi að skoða hvernig menning getur haft áhrif á heimilisofbeldi.

3.2. Ólík áhrif menningar

Sumir rannsakendur tala um það að ekki sé hægt að skoða heimilisofbeldi og finna úrræði gegn því án þess að taka tillit til þátta eins og kynþáttar, menningar, stéttar, félagsstöðu og öðru sem getur verið mismunandi eftir samfélagshópum (Kasturirangan o.fl., 2004; Bent-Goodley, 2005). Ekki er hægt að alhæfa eitthvað eitt um allt heimilisofbeldi um allan heim því það er misjafnt eftir öllum þessum þáttum hvernig heimilisofbeldið birtist þolanda, geranda og samfélaginu. Um leið móta þessir þættir hvaða aðferðir er hægt að nota til að vinna á móti heimilisofbeldi (Kasturirangan o.fl., 2004).

Í dag eru frekar alhæfð úrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis (Kasturirangan o.fl., 2004; Bent-Goodley, 2005). Rannsóknir á heimilisofbeldi hafa að mestu leyti lagt áherslu á hvítar, fátækar konur, þrátt fyrir þá staðreynd að heimilisofbeldi fer þvert á kynþátt, þjóðerni, félagsstöðu, trú og kynhneigð (Bent-Goodley, 2005). Allt of margar rannsóknir hafa litið fram hjá fólki af öðru litarhafti en hvítu og/eða hafa alhæft um hópa af öðru litarhafti án þess að hafa nægileg gögn eða rannsóknir til að styðja við þær staðhæfingar. Raunin er sú að í dag eru frekar alhæfð úrræði notuð fyrir þolendur heimilisofbeldis. Þau eru þó ekki marktæk fyrir ákveðin hóp þolenda af því að þau hæfa ekki þeirra menningu eða félagsstöðu (Kasturirangan o.fl., 2004).

Menning er órjúfanlega tengd einstaklingunum í samfélaginu og dýpt hennar samtvinnast því hvernig fólk sér og túlkar veröld sína (Kasturirangan o.fl., 2004). Það ferli á sér ekki stað af handahófi heldur gengur það mann fram af manni í margar kynslóðir. Það getur falið í sér kennslu um sameiginlegan menningararf, tungumál, fatastíl eða mat. Menning er samt ekki mótuð í stein heldur breytist hún með tímanum

um leið og einstaklingar eiga samskipti á milli menningarhópa og innleiða eitthvað nýtt í þann menningarhóp sem þeir tilheyrja.

Samkvæmt WHO (World Health Organization) er það eitt helsta einkenni ofbeldis gagnvart konum að sumir menningarheimar líta framhjá heimilisofbeldi upp að vissu marki (Douki o.fl., 2003). Þessu til stuðnings sagði ráðherra í kvenna- og fjölskyldumálum í Túnis þegar hann opnaði ráðstefnu um heimilisofbeldi árið 2001 eftirfarandi. „*The study of violence inside the family is part of preventive strategy, knowing that domestic violence doesn't represent at all a worrying problem in our society*“.

Sumar kenningar sem skoða tengslin á milli menningar og misnotkunar halda því fram að ofbeldið sé afleiðing af „menningarlegum gildum, reglum og venjum sem leyfa karlmönnum hærri stöðu og meiri völd heldur en konur“ (Kasturirangan o.fl., 2004). Niaz (2003) greinir meðal annars frá því að menningarheimar sem tengja karlmennsku við yfirráð, styrk og heiður karlmanna hafi hátt stig ofbeldis gagnvart konum. Þessi menningarlegu gildi eru sterk í samfélögum sem aðhyllast feðraveldi.

Feðraveldið í dag getur birst á mismunandi hátt innan mismunandi menningarhópa (Niaz, 2003). Karlmenn í löndum þar sem islam er ráðandi trú, ráða algjörlega yfir fjölskyldunni. Þetta skapar samband sem byggir á valdi og yfirráðum. Í Bandaríkjunum eru tekjur karlmanna oft meiri en kvenna, og gætur það því fært þeim stjórn yfir fjármálum heimilisins. Frásagnir frá konum í Kína greina frá því að þær þurfa oft að einbeita sér fyrst að þörfum föður síns, síðan þörfum eiginmannsins og svo syni þegar hann fæðist. Þessi dæmi sýna að gildi feðraveldisins geta vel búið til umhverfi þar sem ofbeldi getur dafnað, þó þau þýði ekki að menningarheimar horfi framhjá ofbeldi gagnvart konum. Þó að undirliggjandi gildi feðraveldisins séu útbreidd, þá geta konur af mismunandi kynþætti og þjóðerni upplifað mismunandi tegundir ofbeldis og þá fengið mismunandi viðbrögð við ofbeldinu.

Konur geta verið óviljugar til að ræða reynslu sína af heimilisofbeldi af ótta við að það færi skömm á fjölskyldu þeirra og samfélag eða að það ýti undir staðalmyndir (Hampton o.fl., 2003; Kasturirangan o.fl., 2004). Af þeim ástæðum getur konum sem leita sér hjálpar vegna heimilisofbeldis liðið eins og þær þurfi að leggja áherslu á auðkenni sitt sem kona, frekar en kynþáttar auðkenni sitt.

Oft er talað um að menning virki eins og linsa sem fólk sér heiminn í gegnum, og eru það kallaðar heimssýnir (Kasturirangan o.fl., 2004). Til eru margar heimssýnir en einkum eru notaðar tvær í vestrænu samhengi. Önnur er línuleg heimssýn og hin er tengslaheimssýn. Línulega heimssýnin er ráðandi í vestrænum heimi og einkennist af staðfastri trú á orsaka- og afleiðingaferli sem virkar á rökrænan og réttlátan hátt. Tengslaheimssýnin er mikil meðal minnihlutahópa og einkennist af þeirri trú að allt innan samfélagsins er tengt og háð hvort öðru. Á svipaðan hátt og einstaklingshyggja er með áherslu á persónulegt sjálfstæði er samfélagshyggjan tengd við hóptryggð og gagnkvæmt traust. Inngrip sem þróuð eru með línulegu og einstaklingshyggjusjónarmiði geta verið óviðeigandi fyrir fólk sem upplifir heiminn frá öðru sjónarhorni. Mikilvægt er að þegar unnið er með þolendur heimilisofbeldis, sem hafa aðra menningu en meðferðaraðilarnir, að þekking sé fyrir hendi á menningu þolendanna og hversu samvinnuð þeirra menning er ríkjandi menningu í samfélaginu (Bell og Mattis, 2000)

Ekki eru öll mennigarnorm sem kúga konur (Kasturirangan o.fl., 2004). Þó svo að sumar menningarvenjur ýti undir ofbeldi þá fá konur líka styrk frá menningu sinni. Konur nýta það sem þær geta úr gildum, trú og venjum sem hjálpar þeim að takast á við lífið. Hlutir eins og menningartengdar skemmtanir, matargerð og list geta veitt þolendum heimilisofbeldis huggun og útrás. Sameiginleg gildi veita ákveðna tengingu sem hjálpar konum að berjast gegn einangrun (Kasturirangan o.fl., 2004).

Til að skoða hvernig menning hefur áhrif á konur og heimilisofbeldi þarf að skoða ólíka menningarheima og sjá hvernig þetta samspil hefða, gilda og í sumum tilfellum trúarbragða mótar viðhorf fólks.

3.3. Heimilisofbeldi meðal Bandaríkjamanna af afrískum uppruna

Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að bandarískar konur af afrískum uppruna verða frekar fyrir heimilisofbeldi en hvítar konur (Hampton o.fl., 2003). Þær sýna einnig að bandarískir karlmenn af afrískum uppruna beiti frekar maka sinn ofbeldi en hvítir karlmenn.

West (2004) kemur inn á mikilvæga staðreynd þegar hún fjallar um rannsóknir á blökkumönnum. Hún talar þar um að ekki er nóg að skoða heimilisofbeldi út frá þjóðerni og stéttastöðu, heldur þurfi að skoða hvernig sagan og samfélagið spilar inn í

upplifun bandarískra kvenna af afrískum uppruna sem hafa verið beittar heimilisofbeldi. Einnig gangi ekki að skipta rannsóknum bara upp eftir þjóðerni og stéttastöðu því innan kynþáttar og stéttastöðu getur verið mikil fjölbreytni. Sem dæmi eru samfélög blökkumanna í Bandaríkjunum samansafn fólks alls staðar að úr heiminum. Þeir einstaklingar eru engu að síður settir undir sama hatt, og skiptir þá litlu hvort þeir er frá karabíska hafinu, innflytjendur frá Afríku, Asíu eða hafi verið í Bandaríkjunum síðan forfeður þeirra voru fluttir þangað í þrælaskipum.

Skóða þarf hvernig staðalmyndir hafa áhrif á upplifun kvenna sem beittar eru heimilisofbeldi (West, 2004). Staðalmyndir sem eru á bandarískum konum af afrískum uppruna eru aðallega tvær (Bell og Mattis, 2000). Önnur er sú að þær eru kynverur sem búa yfir ónáttúrulegu magni af kynferðislegu, félagslegu, líkamlegu og efnahagslegu valdi innan heimilisins. Hin staðalmyndin er sú að þær eru einhvers konar ofurhetjur sem geta unnið úr sínum vandamálum án aðstoðar og án þess að láta vandamálin hafa áhrif á líf sitt. Þessar staðalmyndir eru tengdar fjórum lykilmarkmiðum í sálfræðimeðferð í virkri aðstoð fyrir bandarískar konur af afrískum uppruna sem hafa verið beittar ofbeldi. Fyrsta lykilatriðið er að uppræta allar staðalhugmyndir og goðsagnir tengdar kynþáttum hjá meðferðaraðilanum. Annað er að takast á við mikilvægi kynþáttar hjá skjólstæðingnum. Þriðja er að vera móttækilegur fyrir þörfum og raunveruleika skjólstæðingsins. Að lokum þarf meðferðaraðilinn að aðlagast væntingum skjólstæðings sem er af afrískum uppruna. Þetta sýnir að menning og staðalmyndir eru taldar hafa mikil áhrif á upplifun af ofbeldi.

Allt frá tímum þrælana hafa bandarískir karlmenn af afrískum uppruna átt erfitt með að standa jafnfætis hvítum karlmönnum (Hampton, o.fl., 2003). Þetta á einkum við þegar skoðaðir eru atvinnu- og efnahagsmöguleikar, og muninn á þeim eftir kynþáttum. Þetta misræmi á milli kynþátta skapar gremju og þirring hjá karlmönnum af afrískum uppruna sem ná ef til vill ekki að vera með nógu háar tekjur til að halda uppi fjölskyldu sinni. Rannsóknir benda síðan til þess að þeir fái ef til vill útrás fyrir þessum þirringi á maka og ástvinum. Þá getur það skapað gremju og streitu að búa í samfélagi sem álítur það merki um karlmennsku að geta veitt fjölskyldu sinni fjárhagslegt öryggi þegar möguleikar ákveðins hóps einstaklinga til þess eru takmarkaðir. Þá verður þessi ákveðni hópur að leita annarra leiða til að sanna karlmennsku sína. Menninga- og samfélagslegt samhengi karlmanna af afrískum uppruna gerir þeim ekki auðvelt fyrir að reyna að

sanna karlmennsku sína. Í mörgum tilvikum eru konur í lágstéttarsamfélögum fyrirvinnan og ýtir það undir upplifun karlmannsins á skort á karlmennsku. Þeirra leiðir til að sanna karlmennsku sína eiga sér því oftast en ekki stað á götunni, og hefur í för með sér ofbeldi í einhvers konar mynd. Það passar við þá staðreynd að það eru bandarískar konur af afrískum uppruna í þessum lágstéttarsamfélögum sem eru í hvað mestri hættu á að verða fórnarlömb ofbeldis í Bandaríkjunum. Bandarískar konur af afrískum uppruna sem eru með meiri tekjur, menntun og í betri vinnu en maki þeirra eru líklegri til að verða fórnarlömb heimilisofbeldis en þær sem standa jafnfætis maka sínum á þessum sviðum. Því getur ástæðan að baki makaofbeldi hjá þessum samfélagshópi verið sú að karlmennirnir eru að sýna vald sitt yfir konunum sem eru efnahagslega óháðar þeim og þannig sýni þeir fram á karlmennsku sína.

Samfélagið og fjölmiðlar hafa í gegnum tíðina dregið upp slæma mynd af fólki af afrískum uppruna (Hampton o.fl., 2003). Þessi slæma mynd gæti haft áhrif á tíðni heimilisofbeldis hjá þessum hópi fólks. Slæmar hliðar kynjanna hafa verið ýktar og þeim viðhaldið af svo miklum ákafa að einstaklingar af afrískum uppruna hafa sætt sig við þær og jafnvel farið að trúá þeim. Þetta gæti virkað sem hvati fyrir heimilisofbeldi. Þær myndir sem birtar eru í fjölmiðlum af karlmönnum sem lötum, ofbeldisfullum og lauslátum láta konur efast um hæfni þeirra sem maka og föður. Þetta gæti leitt til rífrilda sem enda í ofbeldi. Einnig er sú mynd sem gefin er af konum sem lauslátum, peningagráðugum og stjórnsömum ef til vill ástæðan fyrir því að karlmönnum gæti fundist það hlutverk sitt að hafa stjórn á þeim. Þetta getur leitt til þess að þær hömlur sem annars myndu hindra þá í að beita ofbeldi dofni og að þeir jafnvel álíti sem svo að þeir geti misnotað konur. Þessar staðalmyndir sem eru af fólki af afrískum uppruna gæti verið ástæðan fyrir því að bandarískar konur af afrískum uppruna tilkynna síður heimilisofbeldi. Þær vilja ekki auka stimplunina sem er í samfélaginu á bandarískum karlmönnum af afrískum uppruna.

Bell og Mattis (2000) tala um að karlmenn geti þróað með sér réttmætistruflun (*entitlement dysfunction*). Það er truflun sem á sér stað þegar skynjunarbundinn munur verður á milli einstaklinga þegar kemur að réttindum, skyldum, skuldbindingum og forréttindum í þeirra sambandi. Þessi truflun veldur því að þátttakandi í samskiptum trúir því að hann/hún hafi þvingandi og ríkjandi ofurvald yfir málefnum sem er til umræðu. Þessi trú einstaklings á ofurvald sitt getur síðan leitt til þess að

einstaklingurinn noti ofbeldi gagnvart þeim sem andmælir honum ef hann telur sig hafa vald yfir andmælandanum. Þessi truflun gæti hjálpað til við að útskýra afhverju bandarískir karlmenn af afrískum uppruna nota ofbeldi til að stjórna maka sínum.

3.4. Islam og heimilisofbeldi

Í múslimalöndum er heimilisofbeldi ekki enn álitid vera meiriháttar vandamál þrátt fyrir aukna tíðni og alvarlegar afleiðingar þess (Douki o.fl., 2003). Upplýsingar um heimilisofbeldi í þessum samfélögum eru mjög takmarkaðar og ójafnar milli landa (Hajjar, 2004). Áhugaleysið gagnvart ofbeldi af þessu tagi er rakið til þeirra viðhorfa að heimilisofbeldi sé einkamál og að það sé yfirleitt réttlæt看leg viðbrögð við slæmri hegðun konunnar (Douki o.fl., 2003). Kaflar úr Kóraninum eru valdir til þess að sýna fram á það að menn sem eru að beita konur ofbeldi eru að fara eftir vilja Guðs (Douki o.fl., 2003; Niaz, 2003). Þessar trúarlegu réttlæt看ingar, auk mikilvægis þess að gæta heiðurs fjölskyldunnar, valda því að þolendur, gerendur, lögregla og heilbrigðisstarfsmenn sameinast í hálfgerðu samsæri um þöggun frekar en að takast á við þessi afbrot. Hins vegar sýnir réttlátur lestur á Kóraninum að ofbeldi gagnvart eiginkonum líkt og umskurður og sæmdarmorð eru afleiðing menningar frekar en trúarbragða (Douki o.fl., 2003).

Staða konunnar innan islam er í grundvallaratriðum töluvert betri en innan annarra trúarbragða (Niaz, 2003). Samkvæmt Kóraninum hafa konur rétt til að eiga eign, giftast og skilja. Staða hennar innan samfélagsins var mjög lík stöðu karlmannsins, og ákveðin af gjörðum hennar. Á fyrstu árum islam gekk konum vel í menntun, læknisfræði og hernaði. Hinsvegar, vegna þess að islam kenndi umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum og annarri menningu, þá samlagaðist trúin í gegnum aldirnar mikið af menningu Indlands þegar hún kom þangað. Um leið breytti trúin skoðun sinni á stöðu kvenna í samræmi við ríkjandi menningu. Til að byrja með var meira að segja það mikil smitun milli trúarbragða að staða kvenna í Indlandi varð betri með komu islam. Þegar Bretar tóku yfir Indland varð mikið atvinnuleysi. Konur voru hraktar úr störfum, og skólum var lokað. Þetta hafði í för með sér að konur fengu menntun. Þær urðu heimavinnandi og viðhorf hindúismans um að konan ætti að sinna heimili og börnum

urðu allsráðandi. Þessi viðhorf breiddust síðan út innan islam, og þau eru í dag álitin vera í samræmi við islömsku trúna.

Samkvæmt *shari'a*, sem eru lög islamskrar trúar, hefur maðurinn vald yfir konu sinni og hún er skilgreind sem ólögráða (Hajjar, 2004). *Shari'a* er notað sem lagalegur rammi fyrir fjölskyldutengsl og fjölskyldumál múslima. *Shari'a* virkar bæði sem sértækar lagareglur og sem almennur trúar- og menningarrammi fyrir islömsk norm og gildi. Þess vegna eru tilraunir til að koma á lögum til að bæta réttindi og vernda konur innan fjölskyldna bundnar af mótmælum vegna hlutverks og lagagrunns trúarlegu laganna. Samfélagslegur vilji til að samþykkja breytingar er því háður því hversu vel breytingarnar eiga við trúarlegar skoðanir fólks.

Heimilisofbeldi hefur beina og sterka tengingu við ójafnrétti milli karla og kvenna (Hajjar, 2004). En þar sem jafnréttindi kynjanna eru mjög umdeild þá verða tilraunir til að takast á við heimilisofbeldi sem samfélagslegt vandamál erfiðar og flóknar í mörgum hlutum heimsins. Það er sterk og langvarandi andstaða gegn þeirri hugmynd að karlar og konur eigi að vera jöfn innan fjölskyldunnar. Afleiðingin er sú trú að fjölskyldusambönd eigi að vera valdaskipt. Í múslimasamfélögum er þessi trú bæði fengin frá, og styrkt af, *shari'a*. Algeng túlkun á *Shari'a* er þannig að karlmönnum er veitt valdið yfir kvenkyns fjölskyldumeðlimum. Þar með er ójafnrétti kynjanna viðurkennt og réttlætt af trúarlegum skilmálum á þeim grundvelli að Guð gerði karlmenn og konur „í aðalatriðum“ ólík. Þessi munur á að stuðla að ólíkum hlutverkum innan fjölskyldunnar, ólíkum réttindum og skyldum, sem bæta hvort annað upp, og að það sé nauðsynlegt fyrir samheldni og stöðuleika fjölskyldunnar og samfélagsins.

Möguleikinn á því að banna og refsar fyrir heimilisofbeldi er háður vilja ríkisins og getu til að bæta afbrota- og fjölskyldulögin (Hajjar, 2004). En möguleikinn á úrbótum sem studdar eru af ríkinu, er undir sterkum áhrifum af félagslegum gildum og hugmyndafræði um kyn og fjölskyldutengsl.

Í Kóraninum er fjallað um *qawwama* (yfirráð, forræði) og *ta'a* (hlýðni) sem eru upphafið að kynjaskiptingu í samfélagi múslima (Hajjar, 2004). Kóraninum er skipt í kafla sem heita Sura, og hverjum Sura er skipt í vers. Í Sura 4 vers 34 er fjallað um *qawwama* og *ta'a*. Þar segir að maðurinn hafi yfirráð yfir konum af því að Allah hafi gert annað kynið æðra hinu. Konan eigi að vera góð og hlýðin og ef hún er það ekki eigi maðurinn að refsar henni. Ofbeldi eigi þó að vera síðasta úrræðið ef ekkert annað virkar

og ef konan er ekki óhlýðin eigi hún ekki að hljóta skaða. Annars staðar í Kóraninum, í Sura 30 versí 21, er hjónabandinu lýst sem rólegu, miskunnsömu og ástúðlegu og að sambandið sjálft eigi að vera byggt á félagsskap en ekki þjónustu og einræði. Muhammed er sagður hafa sagt „þeir bestu meðal ykkar eru þeir sem eru góðir við eiginkonu sína“. Kóraninn nefnir líka rétt bæði kvenna og karla til að leysa upp misheppnuð hjónabönd. Þetta er í þversögn við það að konunni beri skylda til að umbera ofbeldi af hálfu eiginmannsins eins og er ríkjandi norm í múslimasamfélögum.

Nauðgun innan hjónabands er önnur birtingarmynd heimilisofbeldis sem hægt er að finna réttlætningar fyrir í *shari'a* (Hajjar, 2004). Þó að nauðgun sé refsiverður glæpur í öllum múslimasamfélögum þá er nauðgun innan hjónabands hvergi glæpsamlegt af því að kynferðislegt aðgengi er talið vera grundvallatriði í hjónabandinu. Samkvæmt *shari'a* er enginn skaði í kynlífi á milli tveggja aðila sem eru giftir, og er þar af leiðandi enginn glæpur. Af því leiðir að nauðgun innan hjónabands er bókstaflega „afglæpgerð“ innan ríkjandi túlkunar á *shari'a*. Í Sura 2 versí 223 í Kóraninum segir að „eiginkona þín er akurinn þinn, farðu á akur þinn þegar og hvernig sem þér sýnist“. Þó að aðrir textar í Kóraninum segi mönnum að þröngva sér ekki kynferðislega á konu sína, þá er oftast en ekki grafið undan þeim með meginreglunni um hlýðni konunnar. Neitun konunnar til að stunda kynlíf með eiginmanni sínum getur svo verið túlkuð sem „óhlýðni“, og hún svo hlotið refsingu fyrir með lagalega réttlættu ofbeldi.

Þvinguð hjónabönd eru birtingarmynd andlegs og tilfinningalegs ofbeldis (Hajjar, 2004). Þó að Kóraninn réttlæti þau ekki þá er meginreglan um yfirráð karlanna og hlýðni kvenna þeirra að búa til aðstæður sem gera mönnum kleift að koma fram vilja sínum um hjónaband. Á meðan Kóraninn viðurkennir réttindi kynþroska kvenna til að ganga í hjónaband af frjálsum vilja hefur lagaleg staða þeirra sem ólögráða grafið undan getu þeirra til að nota þann rétt sinni frammi fyrir andstöðu karlmanns.

Það er félagsmenningarlegt viðhorð í múslimasamfélögum þar sem áherslan er lögð á friðhelgi fjölskyldunnar, mannorð hennar og samstöðu (Douki o.fl., 2003). Þetta gæti endurspeglad óttann við það að viðurkenning heimilisofbeldis sem vandamál réttlæti inngríp velferðar og lagaþjónustu. Það inngríp muni brjótast í gegnum mörk fjölskyldunnar og eyðileggja gott mannorð hennar. Þar með mun það eyðileggja menningar, félagslega, efnahagslega, menntalega, stjórnmálalega og trúarlega stöðu

allra fjölskyldumeðlima. Í kjölfarið gæti þetta inngríp einnig brotið upp fjölskylduna með sambúðarslitum, fangelsun eða skilnaði.

Islömsk samfélög hvetja til yfirráða karlmannna og undirgefni kvenna á bæði opinberu og einkasviði samfélagsins (Douki o.fl., 2003). Hlutverk eiginmannsins er þar með orðið að yfirvaldi og er skylt að viðhalda fjölskyldubýggingunni með hvaða ráðum sem honum finnst réttlætun, þar með talið ofbeldi. Í þessu menningarlega samhengi er ofbeldi gegn eiginkonum réttlætt með slæmri hegðun eiginkonunnar, ástandi daglegs lífs eiginmannsins og trúarlegum boðorðum. Algengt er að bæði kynin telji að heimilisofbeldi vera réttlætunlegt undir flestum kringumstæðum (Douki o.fl., 2003; Fikree o.fl., 2005; Kocacik o.fl. 2007). Sem dæmi má nefna að 80% kvenna í dreifbýli Egyptalands telja barsmíðar oft réttlætunlegar, sérstaklega ef kona neitar að stunda kynlíf með maka sínum (Douki o.fl., 2003).

Viðhorf til heimilisofbeldis geta verið misjöfn eftir menningarheimum. Ástæður sem geta verið fyrir heimilisofbeldinu geta einnig verið mismunandi eftir menningarheimum. Rannsókn Fikree o.fl. (2005) á viðhorfum Pakistanskra karlmannna til heimilisofbeldis sýndi að þeir karlmenn sem höfðu verið beittir ofbeldi eða orðið vitni að ofbeldi gagnvart móður í æsku voru líklegri en aðrir til að beita eiginkonu sína ofbeldi. Fikree o.fl. (2005) komust að því að nánast allir karlmennirnir (90%) í rannsókninni beita eiginkonur sínar andlegu ofbeldi á einn eða annan hátt og helmingur karlmannanna beita þær líkamlegu ofbeldi af einhverju tagi.

Efnahagsstaða hefur áhrif á hvar heimilisofbeldi er að finna. Þeir karlmenn í Pakistan sem eru skilgreindir sem fátækir voru þrisvar sinnum líklegri til að beita eiginkonu sína ofbeldi en þeir sem ekki eru skilgreindir sem fátækir (Fikree o.fl., 2005). Í Tyrklandi eru þær konur sem eru annað hvort í lágtekju- eða hátekjufjölskyldum líklegri til að vera beittar ofbeldi en þær sem eru í meðaltekjufjölskyldu (Kocacik o.fl. 2007).

Samkvæmt rannsókn Fikree o.fl. (2005) sem gerð var í Pakistan voru konur með enga formlega menntun næstum fimm sinnum líklegri til að vera beittar líkamlegu ofbeldi heldur en þær konur sem höfðu einhverja formlega menntun. Þetta styður rannsókn Yount (2005) í Egyptalandi sem sýndi að konur sem eru með minni menntun en eiginmaðurinn eru líklegri til að vera beittar ofbeldi. Einnig kom fram í þeirri rannsókn að konur með sömu menntun og eiginmaðurinn eru ólíklegri til að vera beittar

ofbeldi. Þá eru þær konur sem eru með meiri menntun en eiginmaðurinn ólíklegastar til að telja að ofbeldið sé réttlætanlegt.

Skyldleiki hjóna virðist hafa áhrif á tíðni og viðhorf til ofbeldis. Ef einstaklingar innan hjónabands voru nán skyldmenni aukast líkurnar á líkamlegu ofbeldi töluvert (Fikree, Razzak o.fl., 2005). Þær konur sem eru giftar blóðskyldmenni eru líklegri en aðrar til að finnast ofbeldið réttlætanlegt (Yount, 2005). Þetta er ákveðin mótsögn við það að konur sem eiga ættingja sem búa nálægt þeim eru ólíklegri til að vera beittar ofbeldi (Yount, 2005). Gæti skýringin legið í því að ef einstaklingar innan hjónabands eru óskyld að þá virki fjölskylda hennar jafnvel sem ákveðinn skjöldur fyrir hana þar sem heiður hinnar nýju fjölskyldu sem skapast við hjónabandið er að veði. Ef að fjölskylda hans og fjölskylda hennar eru aftur á móti sama fjölskyldan þá gæti verið að að þessi skjöldur sé ekki til staðar þar sem tengdafjölskyldan beitir oft ofbeldi líka sem er þarna fjölskylda konunnar líka. Eitt er víst að þessi staða er mjög flókin og erfitt að ímynda sér mögulegar ástæður fyrir því að skyldleiki auki ofbeldi.

Misjafnt er hvaða ástæður eru gefnar fyrir því að ofbeldi hafi átt sér stað á milli hjóna. Algengar ástæður sem gefnar voru fyrir ósætti hjóna voru börn, peningar, heimsóknir konunnar í leyfisleysi og viðhorf hennar, svo sem óhlýðni og óvirðing við tengdforeldra (Fikree, Razzak o.fl., 2005; Fikree og Bhatti, 1999). Í tyrkneskri rannsókn sögðu 22,5% kvenna sem tóku þátt að þær héldu að maðurinn þeirra beitti þær ofbeldi af engri augljósri ástæðu (Kocacik o.fl., 2007). Fimmtungur kvennanna sögðust halda að ástæða ofbeldisins væri sú að þær hefðu ekki getað sinnt heimilisstörfunum nógu vel. Samkvæmt 13% kvennanna þá eru félagsleg vandamál eiginmannsins orsök ofbeldisins og 7,3% kvennanna sögðu að aðalástæðan fyrir ofbeldinu væri sú að þær vildu vinna launavinnu. Flestar konurnar töldu að þær þyrftu leyfi frá eiginmanninum til að fara út úr húsi, og voru 16,2% þeirra beittar ofbeldi þegar þær höfðu ekki beðið um leyfi til að fara út að versla. Hinsvegar taldi 21% að þær þyrftu ekki að fá leyfi fyrir neinu frá eiginmanninum. Þær konur sem beittar voru ofbeldi sögðu flestar (68,6%) að valdið til að taka ákvarðanir lægi hjá eiginmanninum á meðan aðeins 22% sögðu að allir meðlimir fjölskyldunnar hefðu eitthvað að segja um allar ákvarðanir.

Barnafjöldi, og kynjaskipting þeirra, virðist skipta einhverju máli um það hvort konur eru beittar ofbeldi af maka sínum. Konur í Egyptalandi sem áttu tvo syni eða fleiri voru 63% líklegri til að vera beittar ofbeldi en konur sem ekki áttu syni. Einnig voru

þær líklegri til að segja að ofbeldi eiginmannsins væri réttlætanlegt (Yount, 2005). Sú staðreynd hvort konan á dætur eða ekki hafði ekki áhrif, einungis fjöldi sona hafði áhrif. Hér má draga þá ályktun að aukinn fjöldi drengja í fjölskyldunni ýti undir yfirvald eiginmannsins sem sýni það með auknu ofbeldi. Önnur ályktun sem hægt er að draga er sú að ofbeldið aukist ef verið er að kenna drengjunum að þeir hafi yfirvald yfir móður sinni af því hún er kvenkyns. Aukinn fjöldi barna í tyrkneskum fjölskyldum jók líkurnar á því að ofbeldi væri beitt þar sem það jók á streitu og gaf fleiri ástæður fyrir ósætti og rífrildi (Kocacik o.fl., 2007).

3.5 Hin mörgu andlit Asíu og heimilisofbeldi

Í Suður-Asíu blandast saman hindúismi, búddismi, islam og kristni (Niaz, 2003). Þessi trúarbrögð eru útbreidd á svæðinu og eru áhrif þeirra á líf og stöðu kvenna óumflýjanleg. Leiðtogar flestra landa í Suður-Asíu benda á að engin lög eru í löndunum sem leyfa mismunun gagnvart konum. Frekar er það hin almenna menning og hefð sem ber ábyrgðina á slæmum viðhorfum í garð kvenna. Hefðirnar og siðirnir í Asíu eru svo ósveigjanlegir að þeir leyfa konum ekki að leita réttar síns, jafnvel þó hún hafi lagalegan rétt til þess.

Talið er að það séu einkum þrjú atriði sem ýti undir slæm viðhorf gagnvart konum í Suður-Asíu (Niaz, 2003). Fyrsta atriðið er að þetta eru landbúnaðarsamfélög sem byggja á hálfgerðu lénsveldi innan ættbálka og feðraveldiskerfi sem setur konuna í annað sæti. Annað atriðið er að fjölkvæni tíðkast bæði í hindú og búddisma og lækkar það stöðu kvenna enn frekar. Þó að islam leyfi fjölkvæni þá á trúin fræðilega séð að tryggja konum jafna stöðu á við karlmenn. Hins vegar er staðreyndin sú að trúin hefur innlimað menningarlegu norm hindúismans og búddismans sem leyfir karlmanninum að giftast aftur. Samt er samfélagið á móti rétti kvenna til að giftast aftur eins og leyft er í Kóraninum. Þriðja atriðið sem ýtir undir slæm viðhorf í garð kvenna er að þessi lönd misstu af iðnbyltingunni, og í dag er verið að ýta þeim út í það að breytast í iðnvædd samfélög. Þessar hröðu og róttæku breytingar valda því að atvinnuleysi er mikið og konur eru neyddar til að stunda hefðbundin ólaunuð störf við landbúnað á meðan maðurinn fær aðgang að launuðu störfunum.

Staða kvenna í trúarbrögðum ýtir einnig undir vanmátt þeirra. Menning hindúa er til að mynda byggð á feðraveldi (Niaz, 2003). Á Indlandi eru lög hindúa þannig að konur máttu ekki mennta sig. Þær áttu ekki að fá að eiga líf utan heimilisins. Þær áttu að virða eiginmann sinn eins og guð og vera honum trú, óháð verðugleika og skapgerð. Þetta olli því að konur urðu undirgefna og veikburða. Hjónabönd voru síðan skipulögð af foreldrum og konurnar misstu einkenni sitt sem einstaklingar og sem meðlimir samfélagsins. Þetta hafði í för með sér að á þær var litið eins og vöru sem gekk kaupum og sölum. Hefðirnar leyfa fjölkvæni karla en það eru engar leiðir fyrir konur til að skilja eða giftast aftur.

Búddisminn kennir að konan leiði manninn af braut sinni til að ná *nirvana* (Niaz, 2003). Buddha sjálfur þurfti að yfirgefa konungsríki sitt, eiginkonu og börn til að finna hreinleikann og ná *nirvana*. Konur eru álitnar vera freistarar sem hindra upprisumannsins yfir veraldlega stöðu.

Staða konunnar í búddisma og hindúisma er mjög flókin (Niaz, 2003). Annars vegar getur konan verið gyðja eins og *Seeta*, sem er kona *Rama*. *Seeta* og *Rama* eru guðir í hinúatrú. Í þeirri trú er *Seeta* persónugerving hinnar ljúfu langþjáðu eiginkonu. Hún er líkamsgerving móðurhlutverksins sem fæddi drengbarn, og hefur þar af leiðandi möguleika á að verða *Lakshmi*, sem er fyrirboði heppinnar. Á hinn bóginn er konunni kennt um allt hið illa og lítillækkun siðferðis og andlegs sjálfs mannsins.

Eins og kom fram í kaflanum um islam er trúin tiltölulega nýkomin til Suður-Asíu (Niaz, 2003). Staða konunnar var mun betri í islam heldur en hún er núna en islam tók upp viðhorf hindúisma og búddisma gagnvart konum. Þau eru núna talin vera í samræmi við islömsku trúna.

Hlutfall kvenna í Suður-Asíu sem beittar eru ofbeldi er hátt (Niaz, 2003). Gögn frá Sri Lanka sýna að allt að 60% kvenna þar eru beittar líkamlegu ofbeldi af maka sínum. Meira en helmingur þeirra sögðu að makinn hafi notað vopn við árásina. Í Malasíu sýndi rannsókn að 39% kvenna sögðust hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu maka og 68% þeirra að þær hafi verið beittar ofbeldi á meðan þær voru þungaðar. Talið er að um 5-7 þúsund nepalskar stelpur séu seldar yfir landamærin til Indlands þar sem þær enda í kynlífsprælkun í Mumbai eða Nýju Delhi. Í Bangladesh er 50% allra myrtra kvenna myrtar af eiginmanni sínum. Rannsókn í Nýju Delhi sýndi að í 94%

tilvika, þar sem fórnarlambið var kona, voru morðinginn og fórnarlambið meðlimir sömu fjölskyldu. Í níu af hverjum tíu tilvikum var morðinginn eiginmaður fórnarlambinsins.

Japan hefur þá sérstöðu fram yfir mörg lönd í Asíu að þar hafa verið gerðar miklar ráðstafanir til að reyna að tryggja jafnrétti kynjanna (Weingourt o.fl., 2001). Þrátt fyrir það er heimilisofbeldi ekki mikið rannsakað þar. Árið 2001 var ennþá verið að reyna að breyta því viðhorfi að heimilisofbeldi væri leyndarmál sem eigi sér stað inn á heimilum yfir í það að vera samfélagslegt vandamál sem verður að takast á við. Einnig er heimilisofbeldi oft ekki skilgreint sem ofbeldi af þolendum og gerendum.

Kenningar Konfúsar eru undirstaðan á uppbyggingu fjölskyldunnar í Japan (Niaz, 2003). Þessar kenningar byggja á feðraveldi þar sem faðirinn er leiðtoginn og ekki á að efast um vald hans. Samfélagið lítur almennt þannig á að konur eigi að vera góðar eiginkonur, og að þær eiga ekki að gera neitt sem gæti valdið því að eiginmaðurinn grípi til ofbeldis (Weingourt o.fl., 2001). Viðhorf ungs fólks í Japan gagnvart ofbeldi er mjög litað af alræðishyggjunni sem er ríkjandi þar. Það er, að einn einstaklingur hafi algjört yfirvald yfir ákveðnum hópi fólks. Þetta síðan hefur þá áhrif að ungt fólk telur það eðlilegt að innan sambands hafi annar aðilinn, oftast karlmaðurinn, sem hafi vald yfir hinum aðilanum. Ofbeldi er síðan réttlætt sem agatæki og sem refsing fyrir óæskilega hegðun.

Í rannsókn Weingourt o.fl. (2001) kom fram að svarhlutfall rannsóknarinnar hafi bara verið 27%, en telst það hátt í Japan. Það getur bent til þess að umræðan um heimilisofbeldi er ekki komin mjög langt í landinu, og að heimilisofbeldi er líklega ennþá talið vera málefni sem eigi að vera innan heimilisins. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu engu að síður í ljós að tveir þriðju kvennanna sögðust hafa upplifað einhvers konar ofbeldi tvisvar eða ofar af hálfu maka. Sextíu prósent höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi, sem er næst algengasta orsök þess að japanskar konur sækja um skilnað (Niaz, 2003). Þá höfðu 32% verið beittar andlegu ofbeldi og 23% kynferðislegu ofbeldi. Það er töluvert lægra hlutfall en Niaz (2003) greindi frá, en í þeirri rannsókn var hlutfallið 60%. Rannsókn á japönskum konum komst að því að eiginmenn nýttu vald sitt yfir eiginkonum sínum með því að neyða þær til að stunda kynlíf þegar aðrir fjölskyldumeðlimir gátu heyrt til og aukið þannig á þá niðurlægingu þeirra sem fylgir því að hafa verið neyddar til að stunda kynlíf (Kasturirangan o.fl., 2004). Þá er morð þriðja algengasta dánarorsök kvenna í Japan (Niaz, 2003).

Aðeins 14,4% kvenna segja frá ofbeldishegðun eiginmannsins (Weingourt o.fl., 2001). Þá höfðu 49% ekki sagt neinum frá og 36,4% svöruðu ekki spurningunni. Af þeim sem sögðust ekki segja frá ofbeldinu voru helstu ástæðurnar sem þær gáfu fyrir því að þeim fannst ofbeldið vera þeim að kenna, að það gagnaðist ekkert að segja frá, höfðu engan til að tala við eða að þær héldu að vandamálið myndi hverfa ef þær bara myndu láta sig hafa það. Meira en helmingnum fannst ofbeldið ekki vera það slæmt. Endurspeglar þetta hið hefðbundna japanska álit að heimilisofbeldi er á ábyrgð konunnar og er smánarleg endurspeglun á henni sem konu og eiginkonu. Ótti og skömm samtvinnað við það að upplifa hjálparleysi styrkti þá niðurstöðu kvennana að best væri að segja sem minnst.

3.6 Afríka sunnan Sahara

Í Afríku sunnan Sahara er að finna bæði kristni og islam ásamt öðrum fámennari trúarbrögðum (Rani o.fl. 2004). Skiptingin er misjöfn á milli landa. Á meðan sum lönd eru nær eingöngu kristin eða nær eingöngu islömsk þá er einnig að finna lönd eins og Benin sem er með nokkuð jafna skiptingu á milli þessara tveggja trúarbragða. Þrátt fyrir þessa misjöfnu skiptingu eru orsakir og viðhorf til heimilisofbeldis ekki svo ólík á milli landa.

Eins og annars staðar í heiminum getur menntunarstig, barnafjöldi og samfélagsuppygging einnig ýtt undir heimilisofbeldi í þessum löndum (Koenig o.fl., 2003). Þar er engu að síður mikilvægur þáttur sem hefur áhrif á heimilisofbeldi, sem hefur ekki mikil áhrif í heiminum utan Afríku. Sá þáttur er HIV veiran. Ef eiginmaðurinn er HIV jákvæður, eða ef konan er hrædd um að smitast í gegnum hann, þá aukast líkurnar á því að maðurinn beiti konu sína ofbeldi.

Líkurnar á heimilisofbeldi aukast ef parið er bara í sambúð en ekki formlega gift (Koenig o.f., 2003). Með neyslu áfengis maka áður en kynlíf er stundað eru konurnar líklegri til að vera beittar ofbeldi en þær konur sem eiga maka sem ekki neytir áfengis. Konur í Úganda sem eiga fleiri en sex börn eru ólíklegri til að vera beittar ofbeldi en konur sem eiga eitt eða ekkert barn. Þar kom einnig í ljós að því lengur sem fólk er í sambandi minnka líkurnar á því að konan er beitt ofbeldi.

Ofbeldið sem konur í Afríku verða fyrir felur í sér barsmíðar, þær eru brenndar og þær verða fyrir andlegu ofbeldi. Þær eru umskornar, þeim er nauðgað og þær eru myrtar (Koenig o.fl., 2003; Jewkes o.fl., 2002; UNICEF, 2000).

Viðhorf kvenna í Afríku er almennt það að ofbeldið er réttlætanlegt, og eru það viðhorf algengara hjá þeim en hjá karlmönnum (Rani o.fl., 2004). Stigsmunur var hversu réttlætanlegt ofbeldið var talið eftir hverjar ástæðurnar voru á bakvið ofbeldið. Minnst réttlætanlega ástæðan var ef konan brenndi matinn, en mest ef um vanhirðu barna var að ræða. Aðrar ástæður gátu verið þær að fara út án þess að láta eiginmanninn vita, ef konan þrætti við eiginmanninn, neitun um kynlíf, rifrildi yfir peningum, grunur um framhjáhald konunnar og notkun smokksins (Koenig o.fl., 2003; Rani o.fl., 2004). Hægt var að sjá mun á milli ólíkra hópa hversu réttlætanlegt því fannst heimilisofbeldi. Fólk úr vefefnuðum fjölskyldum var ólíklegast til að réttlæta ofbeldi þó að þau nefndu allavega eina ástæðu sem réttlætti ofbeldi (Rani o.fl., 2004). Eldra fólk er ólíklegra til að réttlæta ofbeldi en þau sem yngri eru. Konur sem eru giftar í fjölkvænissambandi eru líklegri en aðrar til að réttlæta ofbeldi eiginmannsins.

Samfélagið í Suður-Afríku er mjög ofbeldisfullt (Jewkes o.fl., 2002). Áratugir af aðskilnaðarstefnu, og ofbeldi sem henni tengdist sem var jafnvel stutt af ríkinu, hafa átt sinn þátt í því að skapa þær aðstæður að líkamlegt ofbeldi er fyrsta ráðið sem gripið er til til að leysa deilur og til þess að ná yfirráðum.

Það sem er merkilegt með ofbeldi í Suður-Afríku er að samfélagið er ótrúlega umburðarlynt gagnvart því, að frátöldum atvikum sem eru mjög gróf (Jewkes o.fl., 2002). Fullorðið fólk lítur oft á ofbeldishegðun ungra drengja sem strákalega hegðun sem þeir þurfa að fá útrás fyrir. Ofbeldi hjá ungu fólki er oft tengt því að annar aðilinn, oftast konan, vill ekki stofna til sambands. Það er líka tengt við framhjáhöld, tilraunir til að enda samband, mótstöðu við að maðurinn verði einvaldur í sambandinu og gjörðir sem geta dregið úr árangri hans með öðrum konum. Karlmenn telja að þeir eru að sanna karlmennsku sína með því að hafa stjórn á konu sinni, og það er rótgróið í samfélaginu að karlmenn eiga að ráða yfir konum.

Líkamlegu ofbeldi fylgir oft en ekki andlegt ofbeldi (Jewkes o.fl., 2002). Dæmi um andlegt ofbeldi er niðurlægning og tilraunir til að stjórna félagslífi kærustu eða eiginkonu. Einnig lýsir andlegt ofbeldi sér í því að koma með aðra kærustu inn á heimili þolandans og henda henni og börnunum út. Auk þess er dæmi um andlegt ofbeldi að

koma ekki með pening fyrir nauðsynjum inn á heimilið, ef þeir peningar eru á annað borð til. Kynferðislegt ofbeldi er líka mjög algengt. Tíðni tilkynntra nauðgana í Suður-Afríku er hæst af öllum löndum sem eru meðlimir í Interpol.

Þrátt fyrir að í Suður-Afríku eru lög gegn heimilisofbeldi og nauðgunum þá er lögreglan mjög treg til að fylgja málum af þessu tagi eftir (Jewkes o.fl., 2002). Konur eru einnig mjög gjarnar á að umbera ofbeldisfulla kærasta. Sést það vel hjá ungum konum sem hvorki eiga börn né fjárhagsskuldbindingar með hinum ofbeldisfulla kærasta, en fara þrátt fyrir það ekki frá honum. Það virðist ekki hafa mikil áhrif á getu karlmanns að ná sér í maka þó hann hafi það orð á sér að vera ofbeldisfullur.

Þær konur í Suður-Afríku sem eru beittar heimilisofbeldi virðast vera sjálfstæðari í hugsun en margar aðrar konur (Jewkes o.fl., 2002). Sést það vel á því að þær sem eru beittar ofbeldi af eiginmanni sínum er líklegri til að finnast að karlmaðurinn eigi að hjálpa til með heimilisstörfum. Þeim finnst þær þurfa leyfi hans til að stunda launaða vinnu. En um leið þá voru þær konur sem beittar voru ofbeldi líklegri til að finnast ofbeldið merki um ást og fannst í lagi að hann refsaði henni.

4. Niðurstöður

Kenning Beccaria um skynsamur ákvarðanir (Devine, 1982) fléttast vel saman við feminískar kenningar (Giddens, 2009) þegar umræðan snýst um heimilisofbeldi. Kenning Beccaria fjallar um það að einstaklingurinn velji hegðun sína (Devine, 1982). Feminískar kenningar tala um hina ójöfnu valdabaráttu sem er í samböndum. Þessar tvær kenningar passa vel saman við þær niðurstöður að karlmenn noti ofbeldi til að stjórna hegðun konu sinnar og sýna yfirráð sín yfir þeim (Connell, 2005: 83; Douki o.fl., 2003; Fikree o.fl., 2005; Fikree og Bhatti, 1999; Hajjar, 2004; Hampton o.fl., 2003; Jewkes o.fl., 2002; Kasturirangan o.fl., 2004; Kocacik o.fl., 2007; Koenig o.fl., 2003; Rani o.fl., 2004; Siegel, 2009: 294; UNICEF, 2000; Weingourt o.fl., 2001; Yount, 2005). Út frá þessu er hægt að færa rök fyrir því að ofbeldið sem karlmennirnir beita er fyrirfram ákveðið til að viðhalda stjórninni. Á hinn bóginn eru aðstæður þar sem karlmaðurinn er talinn missa stjórn á skapi sínu vegna hegðunar konunnar (Douki o.fl., 2003). Þá er ekki hægt að tala um skipulagðan glæp. Þar sem misjafnt er hvort talað sé

um heimilisofbeldi sem skipulagðan eða óskipulagðan glæp er erfitt að segja til um hvort kenning Beccaria eigi við út frá þessu sjónarhorni.

Kenning Beccaria fjallar einnig um það hvernig hægt er að stjórna glæpsamlegri hegðun með refsingum sem hæfa glæpnum (Devine, 1982). Hægt er að tengja þetta við heimilisofbeldi á þann hátt að í mörgum löndum eru refsingar við heimilisofbeldi mjög vægar. Í sumum löndum eru jafnvel engar refsingar (Hajjar, 2004; UNICEF, 2000). Það er ekki alltaf skortur á löggjöf sem veldur því að refsingar við heimilisofbeldi eru litlar sem engar, heldur eru það menningarleg gildi sem lögmæta þessa hegðun eiginmannsins (Douki o.fl., 2003; Fikree, Razzak o.fl., 2005; Hajjar, 2004; Kocacik o.fl., 2007; Niaz, 2003; Rani o.fl., 2004; Weingourt o.fl., 2001).

Félagsnámskenningar segja að hegðun einstaklinga er lærd frá öðrum einstaklingum í samfélaginu, viðhorfum, gildum og fjölmiðlum (Bandura, 1973, 1977; Sutherland 1947). Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna að einstaklingar sem voru vitni að heimilisofbeldi í æsku voru líklegri til að beita og umbera heimilisofbeldi á fullorðinsárunum (Douki o.fl., 2003; Jewkes o.fl., 2002; Kocacik o.fl., 2007; Siegel, 2009: 303; UNICEF, 2000). Það er í samræmi við kenningar Bandura og Sutherland að í samfélögum þar sem ofbeldi er algengara er meira um heimilisofbeldi (Connell, 2005: 82-83).

Stimplunarkenningin talar um að allir eru stimplaðir í samfélaginu, það er bara misjafnt hvort stimpillinn er góður eða slæmur (Siegel, 2009: 214). Það er einnig hluti af kenningunni að fólk vilji vera með góða stimpla og geri það sem það geti til að tryggja það. Ef þetta er skoðað í ljósi heimilisofbeldis þá er heimilisofbeldi menningarlega samþykkt í þeim löndum þar sem það er algengast (Connell, 2005: 83; Douki o.fl., 2003; Niaz, 2003; UNICEF, 2009). Af þeim völdum er engin neikvæð stimplun fyrir þann gerenda sem beitir heimilisofbeldi. Dæmi um karlmenn sem ekki fá á sig neikvæða stimplun þó þeir beiti heimilisofbeldi eru karlmenn í Suður-Afríku sem hafa ekki skerta getu til að ná sér í nýjan maka þó vitað sé að þeir beita ofbeldi (Jewkes o.fl., 2002). Konur sem tilkynna heimilisofbeldi eru jafnvel stimplaðar sem slæmar eiginkonur og mæður (Weingourt o.fl., 2001), og gæti því verið að þær meti það betra fyrir sig að halda heimilisofbeldinu leyndu. Einnig getur verið að stimplun þessa hóps fólks sé mikil í samfélaginu, og að konurnar vilji ekki auka þá stimplun með því að greina frá ofbeldinu (Hampton o.fl., 2003) Önnur stimplun sem á sér stað er sú stimplun

sem fjölskyldan fær (Douki o.fl., 2003). Þessi ótti við það að fjölskyldan fái á sig slæman stimpil getur valdið ákveðinni þöggun innan hennar á því ofbeldi sem þar á sér stað. Óttinn við stimplun virðist að vísu ekki eiga sér stað í Suður-Afríku þar sem það virðist ekki hafa nein áhrif á möguleika karlmanns til að finna sér maka þó hann er með þann stimpil að vera ofbeldismaður (Jewkes o.fl., 2002).

Þegar kemur að því að skoða áhrif menningar og trúarbragða er gott að hafa í huga að menning og trúarbrögð eru samtvinnuð og erfitt er að tala um annað án þess að minnst á hitt. Trúarbrögðin spruttu upp úr menningunni og menningin er mótuð af trúarbrögðunum. Það eru hinsvegar einnig alltaf einhver áhrif sem hægt er að greina sem koma bara frá menningunni frekar en trúnni. Þetta kemur skýrlega í ljós þegar viðhorf til heimilisofbeldis í Afríku eru skoðuð. Þar eru löndin ýmist að mestu leyti kristin eða islömsk. Engu að síður er trú ekki með marktækt forspárgildi fyrir heimilisofbeldi (Rani o.fl., 2004). Virðast aðrir þættir eins og menntun, búseta og uppeldisaðstæður skipta meira máli.

Þegar skoðað er hvernig heimilisofbeldi birtist í þessum menningarhópum kemur í ljós að það er ekki svo ólíkt á milli hópa. Andlega ofbeldið er að mestu leyti það sama í öllum menningarheimum; þ.e. niðurlægning, kúgun og yfirráð (Kocacik o.fl., 2007; UNICEF, 2000). Fyrir utan það niðurbrot einstaklingsins sem heimilisofbeldi veldur þá eykur það einnig líkurnar á sjálfsvígum. Konur sem eru misnotaðar á einn eða annan hátt eru allt að tólf sinnum líklegri til að fremja sjálfsmorð (UNICEF, 2000). Kynferðislegt ofbeldi þekkist einnig í öllum menningarheimum. Af þessum rannsóknum að dæma eru birtingarmyndir þess þær sömu á milli allra menningarheima. Þrátt fyrir það er vændi sérstaklega tekið fram sem stórt vandamál í Nepal, Tælandi, norður hluta Ghana og á sumum svæðum í Tógó (UNICEF, 2000). Birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis eru að mörgu leyti þær sömu þó að alvarleiki þess er misjafn (Niaz, 2003; UNICEF, 2000). Misjafnt er eftir atvikum hvort vopn eru notuð eða kona beitt ofbeldi á meðan hún er þunguð (Niaz, 2003). Þær birtingarmyndir sem eru sérstæðar í ákveðnum menningarhópum eru ef til vill þær sem teljast myndu hvað grófastar. Dæmi um þessar grófu birtingarmyndir er umskurður kvenna, sæmdarmorð, sýruárásir og ofbeldi tengt heimanmund (UNICEF, 2000).

Það sem er hinsvegar mismunandi milli menningarheima er viðhorf fólks gagnvart heimilisofbeldi. Meðal Bandaríkjamanna af afrískum uppruna virðist það vera

ríkt í menningunni að karlinn sýni yfirráð yfir konu sinni til að sanna karlmennsku sína (Hampton o.fl., 2003). Konan gæti svo ekki viljað segja frá ofbeldinu af ótta við að auka stimplunina sem er á sínum menningarhóp (Hampton o.fl., 2003; West, 2004). Meðal islamskra kvenna er mikið um að þær telji sig eiga ofbeldið skilið, eða að minnsta kosti telji það réttlætanlegt á einn eða annan hátt (Douki o.fl., 2003; Fikree o.fl., 2005; Kocacik o.fl., 2007). Þetta viðhorf er þó breytilegt eftir menntunarstigi konunnar (Fikree o.fl., 2005; Yount, 2005). Ef einstaklingur var vitni að heimilisofbeldi milli foreldra sinna í æsku er líklegra að hann réttlæti, og verði fyrir, eða beiti ofbeldi á fullorðinsárunum (Douki o.fl., 2003; Fikree o.fl., 2005; Jewkes, o.fl., 2002; Kocacik o.fl., 2007; Siegel, 2009: 303; UNICEF, 2000; Yount, 2005). Islamskir karlmenn virðast vera á sama máli og konur hvað það varðar að ofbeldi er réttlætanlegt (Fikree o.fl., 2005). Það gildir einnig það sama um þá eins og konurnar að með meiri menntun minnkar umburðarlyndið gagnvart ofbeldi. Viðhorfin í Suður-Asíu eru mjög svipuð enda er mikil smitun á menningarviðhorfum frá hindú og búddisma yfir í islam (Niaz, 2003). Í Afríku eru áhrifin af feðraveldinu mjög skýr. Sést það helst á því að það er óháð trú hver viðhorf fólks til heimilisofbeldis eru. Í flestum löndum eru viðhorfin eins og hjá múslimum. Þar er þó sú athyglisverða undantekning að eldra fólk virðist síður réttlæta heimilisofbeldi en yngra fólkið. Einnig sýnir það minna umburðarlyndi gagnvart því (Rani o.fl., 2004). Suður-Afríka er þó undantekning að því leyti að þær konur sem eru beittar ofbeldi eru hvað sjálfstæðastar í hugsun. Þær eru ólíklegastar til að finnast ofbeldið réttlætanlegt, og líka ólíklegastar til að finnast að þær þurfi leyfi eiginmannsins til að gera það sem þær vilja (Jewkes o.fl., 2002).

Það sem þessi samfélög eiga sameiginlegt er að efnahagsstaða fjölskyldunnar skiptir máli í því hversu algengt ofbeldið er. Í Pakistan er heimilisofbeldi mun algengara hjá lágtekjufjölskyldum en annars staðar (Fikree o.fl., 2005; Hampton o.fl., 2003; UNICEF, 2000). Í Tyrklandi er það hins vegar bæði þær konur sem eru í hátekju- og lágtekjufjölskyldum sem verða frekar fyrir heimilisofbeldi en þær sem eru í meðaltekjufjölskyldum (Kocacik o.fl., 2007). Menntun hefur líka áhrif. Í Pakistan eru konur með enga formlega menntun líklegri til að vera beittar ofbeldi (Fikree o.fl., 2005) Konur í Egyptalandi með minni menntun en eiginmaðurinn eru líklegri til að vera beittar ofbeldi (Yount, 2005). Þá eykur skyldleiki hjóna líkurnar á því að heimilisofbeldi eigi sér stað (Fikree o.fl., 2005; Yount, 2005).

Annað sem samfélögin eiga sameiginlegt er að þær ástæður sem eru gefnar fyrir því að konan er beitt ofbeldi er oftast en ekki sú sama. Þær ástæður eru vanhæfni að mati maka til að sinna heimilisstörfum, vanhirða barna, neitun á kynlífi, ekki næg virðing við eiginmann og tengdafjölskyldu og að hafa farið út af heimilinu án leyfis frá eiginmanninum (Douki o.f., 2003; Fikree og Bhatti, 1999; Fikree o.fl., 2005; Hajjar, 2004; Koenig o.fl., 2003; Rani o.fl., 2004).

Viðhorf samfélagsins til heimilisofbeldis virðist vera mjög svipað í öllum þessum menningarhópum, nema helst hjá Bandaríkjamönnum af afrískum uppruna. Ástæðan fyrir því gæti legið í því að sá hópur er hluti af stærri heild, þ.e. Bandaríkin. Í hinum menningarhópunum sem fjallað var um hér að ofan er það almennt talið að heimilisofbeldi er eitthvað sem gerist í friðhelgi heimilisins og er vandamál sem fjölskyldan á að takast á við (Hajjar, 2004; Weingourt o.fl., 2001). Í Bandaríkjunum er þetta hinsvegar viðurkennt vandamál sem skipulega er reynt að vinna gegn.

5. Umræða

Það sem dró mig hvað mest að þessu viðfangsefni til að byrja með varð um leið eitt stærsta vandamálið við gerð þessarar rannsóknar. Það er til mjög takmarkað magn af aðgengilegum rannsóknum um heimilisofbeldi í sumum samfélögum, og svo gott sem engar rannsóknir sem hafa einhvern samanburð á heimilisofbeldi á milli samfélaga eða menningarhópa. Af þessum ástæðum, og þeirri að einungis er um lokaritgerð til BA gráðu að ræða, er þessi yfirlitsrannsókn á engan hátt tæmandi og alls ekki eins yfirgripsmikil og ég hefði viljað. Engu að síður komu fram nokkrar staðreyndir sem vöktu athygli mína og kveiktu hjá mér vangaveltur.

Áberandi er hvað feðraveldið er ríkjandi í þessum samfélögum sem hér voru skoðuð, og hversu sterk ítök það hefur í trúarbrögðum þessara samfélaga. Feðraveldið er það sterkt að það mótar enn viðhorf fólks. Það hindrar löggjöf um réttindi kvenna og kemur í veg fyrir setningu laga gegn heimilisofbeldi. Þarna sést hversu sterk áhrif menningar og trúarbragða geta verið. Kom það að vísu ekkert á óvart, en það vakti mig til umhugsunar um þau fjölþættu áhrif sem trúarbrögð geta haft á samfélagið. Ekki hafa bara verið háðar styrjaldir og fólki útrýmt á grundvelli trúarbragða, heldur hefur trú

einnig hindrað u.þ.b. helming einstaklinga í ákveðnum samfélögum í að lifa það sem kalla má góðu lífi.

Það voru nokkrar niðurstöður sem vöktu hvað mesta athygli mína og sumar voru þvert á það sem ég hafði búist við. Þar er helst að nefna viðhorf karlmannna og eldra fólks í Afríku sunnan Sahara til heimilisofbeldis. Það að þessi tveir hópar hafi minna umburðarlyndi og finnist ofbeldi ekki eins réttlætanlegt og aðrir. Vöknuðu upp þær vangaveltur hjá mér hvort heimilisofbeldi hafi verið að færast í aukana í seinni tíð, þar sem eldra fólki finnst það ekki eins réttlætanlegt, eða hvort umburðarlyndið gagnvart ofbeldinu hafi minnkað með aldrinum. Tel ég líklegra að heimilisofbeldi sé að aukast. Ástæðan á bakvið þá ályktun mína er sú að þessi lönd eru að ganga í gegnum miklar samfélags- og efnahagsbreytingar. Þessar breytingar eru ef til vill svo örar að fólk missir tókin á tilveru sinni, við það myndast ákveðin gremja og streita sem einstaklingar fá svo útrás fyrir með ofbeldi. Dæmi um þessar breytingar sem eiga sér stað í þessum löndum er sá gífurlegi þrýstingur á þessi lönd á að iðnvæðast á eins skömmum tíma og hægt er. Á sama tíma eiga þessi lönd síðan að verða lýðræðisleg. Þessar órænhæfu kröfur um að heil heimsálfa eigi að stökkva á svo til einni nóttu yfir í það að verða eins og vestræn iðnvædd lönd er góð leið til að skapa gremju og reiði í samfélaginu. Einnig skapar þetta gífurlegt ójafnrétti í samfélögunum og ýtir það enn frekar undir gremju og streitu. Einnig velti ég því fyrir mér hvort karlmenn væru ekkert að réttlæta ofbeldið sem þeir beiti konur sínar, það væri bara sjálfsagt og engin þörf væri fyrir réttlætingu, eða hvort viðhorf þeirra til ofbeldisins væri að einhverju leyti heilbrigðara en kvenna. Ef karlmenn væru síður að réttlæta ofbeldi af því að þeir eru í raun á móti því, þá vaknar upp sú spurning af hverju svona mikið er um það ef ástæðan á bakvið ofbeldið á að vera kúgun karlmannna á konum. Eru þessir sem eru hliðhollir heimilisofbeldi svona áhrifamiklir í samfélaginu að þeirra viðhorf verða ofan á? Hvað er það síðan sem veldur því að konur eru líklegri til að réttlæta ofbeldið. Er það áralöng kúgun sem hefur á vissan hátt heilapvegið þær til að halda að svona eigi þetta bara að vera, eða er einhver dýpri ástæða? Þetta er eitthvað sem að mínu mati væri vert að rannsaka betur og gætu niðurstöðurnar jafnvel fært með sér betri og bættari leiðir til að uppræta heimilisofbeldi á þessu svæði.

Mestur fróðleikur fannst mér í því að lesa um islam og hvernig trúin hefur þróast í gegnum tíðina. Áhugavert fannst mér að lesa um það hvernig hindúismi og búddismi

smituðu slæmum viðhorfum sínum til kvenna yfir í islam. Leiddi það af sér vangaveltur hvernig heimurinn væri öðruvísi hefði það ekki verið gert, eða ef trúarleiðtogar innan islam myndu túlka trúna eins og gert var áður en hún varð fyrir áhrifum af hindúsíma og búddisma. Í framhaldi af þessu komu vangaveltur um það hvort þetta grófa ofbeldi gagnvart konum, sem endurspeglast svo vel í sæmdarmorðum og ofbeldi tengdu heimanmund, væri til staðar ef islam hefði viðhaldið upprunalegu gildum sínum.

Staða Bandaríkjamanna af afrískum uppruna er að mörgu leyti sérstæðust af öllum þeim hópum sem fjallað var um í þessari rannsókn. Bandaríkin eru mjög hliðholl réttindum kvenna og mikið átak hefur verið gert til að reyna að uppræta heimilisofbeldi í landinu. Hins vegar hefur saga landsins og fólks af afrískum uppruna verið mjög flókin. Viðhorf fólks í garð allra sem ekki voru hvítir hafa verið frekar slæm alveg fram á miðja 20. öldina. Þetta hefur leitt af sér mismunun í garð fólks af afrískum uppruna. Virðist sem pirringur og streita af þessum völdum birtast í ofbeldi gagnvart konum í þessum samfélögum. Það væri því áhugavert að skoða rannsóknir sem bera saman viðhorf og tíðni heimilisofbeldis hjá mismunandi hópum lágstéttarfólks í Bandaríkjunum, og sjá hvort mikill munur er á milli þjóðernis og kynþátta eða hvort það er efnahagsleg staða þessa fólks sem er að hafa hvað mest áhrif.

Þó svo að mikið sé til af rannsóknum um heimilisofbeldi þá er alveg ljóst að frekari rannsókna á áhrifum menningar og trúarbragða er þörf. Það vantar rannsóknir til að varpa ljósi á það hvort það er vilji innan samfélagsins til að breyta núverandi ástandi. Fróðlegt væri að sjá frekari rannsóknir og athuganir á þeim mun viðhorfa sem er á milli samfélaga. Einnig væri fróðlegt ef skoðað væri nánar þær samfélagslegu ástæður sem virðast liggja að baki heimilisofbeldi. Þær ástæður eru meðal annars menntun, barnafjöldi, efnahagsstaða fjölskyldunnar og aldur. Þetta er samt ekki tæmandi listi. Tel ég að dýpri skilningur á þessum þáttum geti leitt af sér betri leiðir til að uppræta heimilisofbeldi. Sá skilningur mun einnig auðvelda mótun þeirra úrræða sem nauðsynlegt er að hafa í boði því mismunandi menning hlýtur að þurfa mismunandi úrræði. Það er ekki hægt að hafa stöðluð úrræði sem eiga að hjálpa öllum konum í öllum löndum.

Heimildir

- Bandura, A. (1973). *Agression: A Social Learning Analysis*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.
- Bell, C.C. og Mattis, J. (2000). The Importance of Cultural Competence in Ministering to African American Victims of Domestic Violence [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 6 (5), 515-532.
- Bent-Goodley, T.B. (2005). Culture and Domestic Violence: Transforming Knowledge Development [rafræn útgáfa]. *Journal of Interpersonal Violence* 20, 195-203.
- Connell, R.W. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press
- Devine, F.E. (1982). Cesare Beccaria and the Theoretical Foundations of Modern Penal Jurisprudence [rafræn útgáfa]. *New England Journal of Prison Law* 7, 8-21.
- Douki, S., Nacef, A., Belhadj, A., Bouasker, A. og Ghachem, R. (2003). Violence against women in Arab and Islamic countries [rafræn útgáfa]. *Archives of Women's Health volume* 6, 165-171.
- Ellison, C.G., John P Bartkowski, J.P. og Anderson, K.L. (1999). Are There Religious Variations in Domestic Violence? *Journal of Family Issues*, 20, 87-113.
- Fikree, F.F. og Bhatti, L.I. (1999). Domestic violence and health of Pakistani women [rafræn útgáfa]. *International Journal of Gynecology & Obstetrics*, 65, 195-201.
- Fikree, F.F., Razzak, J.A. og Durocher, J. (Mars 2005). Attitudes of Pakistani men to domestic violence: a study from Karachi, Pakistan [rafræn útgáfa]. *Journal of men's health and gender* 2(1), 49-58.
- Giddens, A. (2009) *Sociology*. (6. Útgáfa). Cambridge: Polity Press.

- Hajjar, L. (2004). Religion, State Power and Domestic Violence in Muslim Societies: A Framework for Comparative Analysis [rafræn útgáfa]. *Law and Social Inquiry*, 29, 1-38.
- Hampton, R., Oliver, W., og Magarian, L. (2003). Domestic Violence in the African American Community: An Analysis of Social and Structural Factors [rafræn útgáfa]. *Violence Against Women*, 9, 533-557.
- Jewkes, R., Levin, J. og Penn-Kekana, L. (2002). Risk factors for domestic violence: findings from a South African cross sectional study [rafræn útgáfa]. *Social Science & Medicine*, 55, 1603-1617.
- Kasturirangan, A., Krishnan, A. og Riger, S. (október 2004). The impact of culture and minority status on women's experience of domestic violence [rafræn útgáfa]. *Trauma, violence and abuse* 5(4), 218-332.
- Kocacik, F., Kutlar, A. og Erselcan, F. (2007). Domestic violence against women: A field study in Turkey [rafræn útgáfa]. *The social Science Journal*, 44, 698-720.
- Koenig, M.A., Lutalo, T., Zhao, F., Nalugoda, F., Wabwire-Mangen, F., Kiwanuka, N. o. fl. (2003). Domestic violence in rural Uganda: evidence from a community-based study [rafræn útgáfa]. *Bulletin of the World Health Organization*, 81, 53-60.
- Niaz, U. (2003). Violence against women in South Asian countries [rafræn útgáfa]. *Archives of Women's Mental Health*, 6, 173-184.
- Rani, M., Bonu, S. og Diop-Sidibe, N. (2004). An Empirical Investigation of Attitudes towards Wife-Beating among Men and Women in Seven Sub-Saharan African Countries [rafræn útgáfa]. *African Journal of Reproductive Health*, 8(3), 116-136.
- Siegel, L.J. (2009). *Criminology* (2. útgáfa). Belmont: Thomson Wadsworth.
- Sutherland E.H. (1947). *Principles of Criminology*. (4. Útgáfa). Chicago: Lippincott.

- UNICEF (2000). Domestic Violence against women and girls. *Innocenti digest*, 6. Sótt þann 7. des 2011 af: <http://cce.wsu.edu/Content/Files/cce/domestic%20violence%20against%20women%20and%20girls,%20unicef%202000.pdf>
- West, C. M. (2004) Black women and intimate partner violence: new direction for research [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 19, 1487-1493.
- Weingourt, R., Maruyama, T., Sawada, I. og Yoshino, J. (júní, 2001). Domestic violence and women's mental health in Japan [rafræn útgáfa]. *International Nursing Review*, 48(2), 102-108.
- Yount, K.M. (ágúst, 2005). Resources, Family Organization, and Domestic Violence Against Married Women in Minya, Egypt [rafræn útgáfa]. *Journal of Marriage and Family*, 67, 579-596.